# FRÉTTABLAÐIÐ

6. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 8. JANÚAR 2019


# Gólfplata brast vegna mistaka í steypuvinnu við Hlíðarenda

**Mildi þykir að engan hafi sakað er nýsteypt gólfplata í nýbyggingu á Hlíðarenda gaf sig. Vinnueftirlitið segir burðarþol í uppslætti undir plötunni ekki hafa verið nægilegt. Byggingarfulltrúi hafði ekkert heyrt af málinu er Fréttablaðið leitaði viðbragða þaðan.**

**BYGGINGAFRAMKVÆMDIR** Betur fór en á horfðist fyrir skemmstu þegar nýsteypt gólfplata í nýbyggingu á Hlíðarendareitnum svokallaða í Reykjavík gaf sig. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnueftirlitinu sakaði engan í óhappinu.

Vinnueftirlitið greinir frá því að það liggi fyrir hvað gerðist en samkvæmt því var burðarþol uppsláttar undir plötunni ekki nægilegt. Eftir því sem næst verður komist var steypan ekki þornuð og rann því til þegar undirstöður gáfu sig.

Svava Jónsdóttir, sviðsstjóri Vinnueftirlitsins, staðfestir að atvikið hafi verið tilkynnt til stofnunarinnar en að fulltrúar hafi ekki farið á svæðið eftir óhappið.

Það verði þó gert síðar og öll öryggismál framkvæmdasvæðisins skoðuð eins og venja er.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu byggingarfulltrúa Reykjavíkur fyrir helgi hafði málið ekki verið tilkynnt þangað en staðfest sömuleiðis að byggingarfulltrúi myndi spyrjast fyrir um hvað þarna gerðist. Ekki fengust upplýsingar um það í gær hvort niðurstaða hafi fengist í þá skoðun.

Eftir að gólfplatan gaf sig fyrir jól var verktakafyrirtækinu Línuborun falið að klára að brjóta niður afganginn af gólfplötunni, sem þarf að endurgera. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er tjónið nokkurt. Línuborun þurfti meðal annars að nota fjarstýrða brotvél til verksins. Línuborun birti myndir af verkinu á Facebook-síðu sinni og veitti Fréttablaðinu leyfi til að endurbirta þær. Þar segir sömuleiðis að mikil heppni sé að enginn hafi slasast.

> **Fyrirhugað er að nærri átta hundruð íbúðir rísi á Hlíðarendareitnum svokallaða. Þrátt fyrir umleitanir Fréttablaðsins tókst ekki að hafa uppi á verktakanum sem kom að því að steypa gólfplötuna.**

Fyrirhugað er að nærri átta hundruð íbúðir rísi á Hlíðarendareitnum svokallaða.

Fyrstu íbúðirnar sem byggðar voru fóru í sölu í byrjun síðasta árs. Þrátt fyrir umleitanir Fréttablaðsins tókst ekki að hafa uppi á verk-



Fjarstýrður bor var notaður til að brjóta afganginn af gólfplötunni. Endurgera þarf alla plötuna. MYND/LÍNUBORUN

## Ráðherra tekur vel í hugmyndir þingmanns um opnari háskóla

**MENNTAMÁL** „Ég er jákvæð í garð allra mála sem teljast til umbóta í menntakerfinu. Menntamálin eru stærsta hagsmunamál þjóðarinnar og auðvitað vilja allir vinna að framgangi þeirra. Þannig að ég fagna liðsauka í þeim efnum,“ segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, um fyrirhugað frumvarp Áslaugar Örnu Sigurbjörnsdóttur, þingkonu Sjálfstæðisflokksins, um opnari háskóla.

Áslaug Arna vill að háskólarnir fái aukið svigrúm til að innrita nemendur óháð því hvort þeir eru með prófgráður eða ekki.

Lilja segist mjög ánægð með þennan áhuga á menntamálum sem sé að finna í þinginu og um allt land. „Það er jákvætt þegar þingmenn eru að láta stóru málin til sín taka,“ segir Lilja. Unnið sé að langtímastefnu í menntamálum í víðtæku samráði út í samfélagið. **– sar**

## Gylfi Þór og Alexandra Helga að undirbúa brauðkaup aldarinnar



**LÍFIÐ** Alexandra Helga Ívarsdóttir er á Ítalíu að undirbúa brúðkaup sitt og knattspyrnumannsins Gylfa Þórs Sigurðssonar. Búast má við stjörnufjöld á gestalistanum.

Parið trúlofaði sig á Bahamaeyjum í sumar. Eftir heimsmeistaramótið í Rússlandi héldu þau í draumafrí þar sem Gylfi bað Alexöndru.

Alexandra hefur birt myndir af undirbúningi sínum á Instagram. Kunnugir segja að hún sé við Comovatnið. **– bbh / sjá síðu 22**

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Gæludýr getur uppfyllt þörf fyrir vináttu segir Kolbrún Baldursdóttir. 11

**SPORT** Anna Björk Kristjánsdóttir leikur í Hollandi. 12

**TÍMAMÓT** Kristján Hrannar Pálsson hlaut styrk vegna orgelverks um loftslagsbreytingar. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **BÍLAR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Innanlandsflug frá

7.965 kr.




Bókaðu núna á airicelandconnect.is

Air Iceland Connect

## Veður



Vaxandi suðaustanátt, 13-20 m/s og rigning síðdegis, hvassast á Snæfellsnesi, en hægara og úrkomulaust að kalla N- og A-lands. Hiti 1 til 8 stig undir kvöld. **SJÁ SÍÐU 16**



**Sigurður Ragnar ásamt verjanda sínum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sigurður Ragnar tjáði sig ekkert

**DÓMSMÁL** „Ég kýs að tjá mig ekki frekar,“ sagði Sigurður Ragnar Kristinsson, meintur höfuðpaur Skáksambandsmálsins, við upphaf aðalmeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Sigurður játaði aðild að málinu hjá lögreglu en neitaði sök við þingfestingu.

Hákon Örn Bergmann neitaði einnig sök. Hann hafi ekki vitað hvað var í DHL-sendingunni sem Sigurður hafi beðið sig að taka á móti. Í fyrstu hefði hann talið að um peningasendingu væri að ræða enda skuldaði Sigurður sér peninga. Hann hafi fengið Jóhann Axel Viðarsson til þess að sækja pakkann og greiða tollinn gegn niðurfellingu fíkniefnaskuldar.

Jóhann sagðist hafa talið að um stera væri að ræða. Hann hafi ekki grunað annað fyrr en eftir að lögreglan hefði umkringt hann.

Verjendur spurðu lögreglumenn ítrekað um aðkomu fjórða manns að málinu, manns sem sætti gæsluvarðhaldi en var ekki ákærður. Hann var í sambandi við Sigurð, meðal annars í gegnum Sunnu Elviru Þorkelsdóttur, þáverandi eiginkonu hans. Hvorki sá maður né Sunna Elvira voru á vitnalista ákæruvaldsins.

Ekki var tekin skýrsla af spænskum rannsóknarlögreglumönnum sem eru í jólafríi og áttu ekki heimangengt. Var framhaldi aðalmeðferðar því verið frestað til 25. janúar. **– aá, bsp**

## Undir kranahimni



**Nú eru jólin búin og þessar ungu stúlkur teknar til við fótboltaæfingar að nýju á völlum Vals við Hlíðarenda. Utan vallar rís voldug kranabyggð yfir nýju hverfi sem sprettur þar hratt upp. Úr íbúðarhúsunum þar streyma væntanlega Valsmenn framtíðarinnar í löngum röðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Réttað yfir Cairo í Landsrétti í dag

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli Khaleds Cairo fer fram í Landsrétti í dag. Cairo var dæmdur í 16 ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í apríl á síðasta ári fyrir að myrða Sanitu Brauna á heimili hennar við Hagamel í Reykjavík haustið 2017.



**Khaled Cairo.**

Morðið á Sanitu Brauna þótti hrottalegt. Cairo var ákærður fyrir að hafa slegið hana með glerflöskum, þrengt að hálsi hennar og barið hana í höfuðið með þungu slökkvitæki. Hann stóð enn yfir henni alblóðugur er lögregla kom á vettvang. Sanita var úrskurðuð látin við komu á bráðamóttöku. **– aá**

# Hvalir með júmbóþotu til Keflavíkurflugvallar

**Tveir mjaldrar verða fluttir í vor frá Sjanghaí með Boeing 747 þotu Cargolux til Íslands. Þeir fá athvarf í Vestmannaeyjum. Dýraverndunarsinnar vonast til að þetta verði hvatning til þess að fleiri fangaðir hvalir fái náttúrulegri heimkynni.**

**LÍFFRÆÐI** Flugfélagið Cargolux ætlar að kosta ferð Boeing 747 flutningavélar, svokallaðrar júmbóþotu, með tvo hvali nærri 10 þúsund kílómetra leið frá Kína til Vestmannaeyja.

Fram kemur á flugvefnum aircargonews.net að flogið verði með hvalina tvo, sem eru mjaldrar, til Íslands, vorið 2019. Mjaldrarnir tveir, Litla-Grá og Litla-Hvít, eru nú í sjávardýragarði í Sjanghaí í Kína. Frá og með næsta vori eiga hvalirnir að fá athvarf í og við Heimaey og þar er nú unnið að því að búa þeim samastað. Það er fyrirtækið Merlin Entertainments sem stendur að baki verkefninu.

„Þetta er flókið en sannarlega gefandi verkefni að vinna að og við erum Cargolux sérstaklega þakklát fyrir örlæti þeirra að verða opinber samstarfsaðili okkar og hjálpa okkur og koma Litlu-Hvít og Litlu-Grá í sitt nýja, náttúrulega heimili,“ hefur aircargonews.net eftir Andy Bool, formanni Sea Life Trust.

Bool segir enn fremur við aircargonews.net að hvalirnir tveir hafi á síðustu mánuðum verið í þjálfun fyrir flutninginn. Þegar að honum komi verði lið sérfræðinga á sólarhringsvakt til að tryggja að allt gangi vel.

Áætlað er að ferðalagið frá Kína til Heimaeyjar taki 24 klukkustundir. „Mjöldrunum verður lyft hvorum fyrir sig á sérhannaðar börur og þeir settir varlega í sérsmíðuð búr áður en þeim er lyft úr lauginni með krana og komið varlega fyrir á tveimur flutningabílum,“ segir aircargonews.net. Síðan verði hvalirnir fluttir landleiðina til Pu Dong-alþjóðaflugvallarins þaðan sem flogið verður með þá til Keflavíkurflugvallar. Síðan bíði þeirra bílferð og 30 mínútna ferjuferð til Vestmannaeyja. Að lokum sé síðan stutt bílferð að nýju heimkynnunum.



**Mjaldrarnir Litla-Hvít og Litla-Grá flytja til Heimaeyjar í vor.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**» Mjaldrar eru hvítir hvalir sem verða stærstir um 5,5 metrar að lengd og eitt og hálft tonn að þyngd.**

„Vonin er sú að þetta verkefni hvetji til þess að í framtíðinni verði fönguðum hvölum fundin ný heimkynni í náttúrulegra umhverfi og eins til þess að einn daginn verði bundinn endi á nýtingu hvala og höfrunga til að skemmta mönnum,“ segir Cathy Williamson hjá dýraverndunarsamtökunum WDC við aircargonews.net.

Cargolux var stofnað árið 1970 af forvera Icelandair, Loftleiðum, Luxair og fleirum. Íslenska félagið seldi síðar hlut sinn í Cargolux.

**gar@frettabladid.is**


**Vinsælu leikfimihóparnir Leikfimisystur hefjast í dag**

**Skemmtileg leikfimi í góðum félagsskap**

Vorönn 8. jan - 30. apríl - Alla þri. og fim. kl: 17:00

Gamla góða leikfimin ásamt jóga, pilates, barre og zúmba

Tveir hópar, í íþróttasal Melaskóla og Fossvogsskóla
Nokkur pláss laus

**Verð 22.000 kr.**

**Skráning í síma 777 2383 eða á leikfimisystur@gmail.com**


PARKET, FLÍSAR, HURÐIR
RISA
ÚTSALA
40 TIL 70
% AFSLÁTTUR
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

# Séra Fjölnir óskar loks eftir leyfi fyrir heimagistingu á prestssetrinu

**ÞJÓÐKIRKJAN** Sóknarpresturinn á prestssetrinu Holti í Önundarfirði hefur sent kirkjuráði beiðni um heimild til að framleigja hluta af prestssetrinu í Holti á árinu. Á fundi kirkjuráðs 12. desember síðastliðinn var beiðnin tekin fyrir og samþykkti kirkjuráð að fela framkvæmdastjóra að afla frekari upplýsinga um málið fyrir næsta fund.

Fréttablaðið fjallaði um það í júní síðastliðnum að kirkjuráð hefði snuprað sóknarprestinn, Fjölni Ásbjörnsson, fyrir að reka heimagistingu í prestsbústaðnum og auglýsa hann meðal annars á Booking.com.

Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, sagði í samtali við Fréttablaðið þá að haft hefði verið samband við Fjölni og athygli hans vakin á því að ráðið væri að bíða eftir að hann óskaði eftir þessari heimild. Fréttablaðið greindi sömuleiðis frá því að svo virtist sem bústaðurinn hefði verið leigður út um nokkra hríð þegar málið var tekið fyrir í ráðinu í sumar. Prestar borga ekki mjög háa leigu og ljóst að þegar bústaðir þeirra eru leigðir út til ferðamanna fá þeir allan ávinninginn í eigin vasa. Presturinn hefur enn búsetuskyldu í prestsbústaðnum en heldur annað heimili á Flateyri.



**Prestsbústaðinn í Holti má enn finna á vef Booking.com þó ekki sé hægt að bóka hann í augnablikinu.**

Oddur staðfesti sömuleiðis í sumar að engin dæmi væru um að kirkjuráð hafi veitt prestum leyfi til að reka gistiþjónustu í prestsbústöðum sínum, einhver dæmi eru þó um að prestar hafi stundað slíkt án tilskilinna leyfa. Fróðlegt verður því að sjá hvernig kirkjuráð tekur í beiðni sóknarprestsins í Holti. – **smj**



**Þyrla flutti þá slösuðu.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Núpsvatnafólk til síns heima

**LÖGREGLUMÁL** Feður og tvö börn sem slösuðust í alvarlegu bílslysi við Núpsvötn í desember munu líklega fara af landi brott í dag til þess að leggjast á sjúkrahús í Bretlandi, þar sem þau búa. Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi, staðfestir þetta í samtali við Fréttablaðið.

Mæður barnanna og kornabarn annarrar þeirra létust þegar Land Cruiser-jeppi fór út af einbreiðri brú við Núpsvötn. Bráðabirgðaniðurstöður krufningar liggja fyrir en ekki er enn hægt að segja til um tildrög slyssins.

Ökumaðurinn var yfirheyrður á Landspítalanum í síðustu viku en reyndist lítið muna um málsatvik. Nýtur hann réttarstöðu sakbornings en ekki var gerð krafa um að hann sætti farbanni vegna rannsóknar og dómsmeðferðar málsins. – **bsp**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Neytendur hvattir til að skoða fjarskiptareikningana sína vel

**Samskiptastjóri Vodafone segist hafa hlegið að atriði í Áramótaskaupinu þar sem gert var grín að flóknum reikningum fjarskiptafyrirtækja. Vandkvæði hafi komið upp vegna sameiningar á síðasta ári en ástandið sé nú komið í lag. Neytendasamtökin aðstoðuðu félagsmann sem var færður sjálfkrafa í dýrari þjónustuleið.**



**Reikningar fjarskiptafyrirtækja geta verið nokkuð flóknir enda oft um margþætta þjónustu að ræða.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**NEYTENDAMÁL** „Við erum að vinna í því að einfalda og skýra reikningagerðina okkar og þar er verið að vinna úr ábendingum frá viðskiptavinum. Það varð ákveðinn ruglingur um mitt síðasta ár þegar sameiningin varð. Þá vorum við að keyra saman reikningakerfi tveggja ólíkra fyrirtækja. Það voru ákveðin vandkvæði með það á tímabili,“ segir Guðfinnur Sigurvinsson, samskiptastjóri Vodafone, um umræðuna um flókna og ógagnsæja reikninga fjarskiptafyrirtækja.

Í Áramótaskaupinu var atriði sem fjallaði um par sem ræddi um hina og þessa fjarskiptareikninga. Parið var ekki visst um hvaða þjónustu verið væri að rukka fyrir en ákvað að best væri bara að borga þá alla.

„Þetta atriði var mjög lýsandi. Þetta hefði ekki orðið gott atriði nema fólk þekkti þessar aðstæður og það hljóta mjög margir að gera. Við tökum undir það að þetta er of flókið og ógagnsætt,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna.

Guðfinnur segir að umrætt atriði hafi kannski að einhverju leyti verið byggt á þessum vandkvæðum Vodafone. Þar á bæ hafi hins vegar verið hlegið að atriðinu. „Ef maður getur ekki hlegið stundum að sjálfum sér þá getur maður ekki hlegið að öðrum en þessi mál eru núna komin í eðlilegan og miklu betri farveg.“

Neytendasamtökin aðstoðuðu nýverið félagsmann sem hafði verið færður sjálfkrafa yfir í dýrari þjónustuleið þegar ódýrari leið var lögð niður. Hins vegar var hann ekki færður til baka þegar ódýrari leiðin var endurvakin. Fékk hann endurgreiddan kostnað vegna þess.

> **Þetta hefði ekki orðið gott atriði nema fólk þekkti þessar aðstæður.**
>
> Brynhildur Pétursdóttir

Brynhildur segir að það berist töluverður fjöldi erinda vegna breytinga á þjónustuleiðum. „Við höfum líka verið að gera athugasemdir ef það eru óskiljanlegar upplýsingar á greiðsluseðlum. Það ætti að vera lýsandi heiti á þeirri þjónustu sem verið er að rukka fyrir.“

Hún brýnir fyrir fólki að skoða reikningana vel. „Við sjáum mörg dæmi um að neytandinn hafi ekki brugðist við. Það er á ábyrgð neytandans að hafa stjórn á þessu. Við höfum samt náð árangri þar sem hægt er að sýna fram á að fyrirtæki hafi ekki upplýst um breytingar.“

Guðfinnur segist ekki kannast við dæmi eins og Neytendasamtökin hafi rakið enda séu allar breytingar á verði og þjónustu vel kynntar.

Guðmundur Jóhannsson, samskiptafulltrúi Símans, tekur í sama streng og segir að lögum samkvæmt þurfi að tilkynna um allar verð- og þjónustubreytingar með góðum fyrirvara. Hann hvetur neytendur til að skoða reikningana sína vel.

„Það á við um fjarskiptareikninga eins og alla reikninga að maður á að skoða þá áður en maður borgar þá. Það kemur alltaf fyrir að einhverjum finnist þeir flóknir eða átti sig ekki á því hvað verið sé að borga fyrir. Það er samt ekki mikill fjöldi af þeim gríðarlega fjölda reikninga sem við sendum.“ **sighvatur@frettabladid.is**

VERTU REYKLAUS
Í EITT SKIPTI FYRIR ÖLL MEÐ
NICOTINELL




15% AFSLÁTTUR*

NÝ VEFSÍÐA
WWW.NICOTINELL.IS

* 15% afsláttur af öllu lyfjatyggigúmmí, öllum styrkleikum og pakkningarstærðum. Afslátturinn gildir út janúar 2019.

Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

www.apotekarinn.is
Apótekarinn+ - lægra verð

# Heilsutjútt

**Allt að 50% afsláttur** í öllum verslunum Lyfju 8.–20. janúar




25% afsláttur

## Solaray

Heilsaðu hamingjunni með vönduðum bætiefnum frá Solaray. **Afsláttur af allri línunni.**




20% afsláttur

## Nuun

Bragðgóðar freyðitöflur í vatnið fyrir alla sem stunda æfingar. Nuun electrolites viðhalda raka- og steinefna-jafnvægi í líkamanum og gefa orku. Fæst með og án koffíns. **Afsláttur af allri línunni.**




25% afsláttur

## Guli miðinn

Guli miðinn er breið lína bætiefna og vítamína sem er hönnuð fyrir íslenskar aðstæður. **Afsláttur af allri línunni.**




20% afsláttur

## OptiBac góðgerlar

OptiBac er sérhönnuð lína góðgerla sem virka frábærlega. Þú finnur OptiBac sem uppfyllir þínar þarfir í Lyfju. **Afsláttur af allri línunni.**




25% afsláttur

## Floradix

Bragðgóðu bætiefnamixtúrurnar frá Floradix eru háþróaðar og unnar úr hreinum lífrænum jurtum. Detox mixtúran á einstaklega vel við núna. **Afsláttur af allri vörulínunni.**




20% afsláttur

## KeyNatura – Astaxanthin

Íslenskt hágæða andoxunarefni úr þörungum. Lykill náttúrunnar að góðri heilsu. **Afsláttur af allri línunni.**




20% afsláttur

## Probi Mage LP299V mjólkursýrugerlar

Söluhæsta fæðubótarefnið í sínum flokki í Svíþjóð, nú loksins á Íslandi! Finndu muninn með Probi Mage LP299V.




25% afsláttur

## NOW

Breið lína hágæða bætiefna, án óæskilegra aukaefna svo sem litar–, bragð– og rotvarnarefna. **Afsláttur af allri línunni.**




25% afsláttur

## Iceherbs

Virkar og kröftugar bætiefnablöndur frá Iceherbs. **Afsláttur af allri vörulínunni.**

Tryggðu þér þínar eftirlætisvörur á enn betra verði. Tilboðin gilda í öllum verslunum Lyfju og í netverslun okkar á lyfja.is

lyfja.is

LYFJA
– Lífið heil

útsala
útsala
útsala
útsala
útsala

Allt að
80%
afsláttur
af völdum vörum



## Manntjón í snjóflóðum



Gríðarlegt fannfergi er nú í Mið-Evrópu og hafa að minnsta kosti sex manns farist í snjóflóðum í Austurríki, Þýskalandi og Ítalíu. Skíðabærinn St. Johann í Austurríki, sem er vinsæll áfangastaður Íslendinga, hefur meðal annars verið rýmdur. Búist er við að allt að 120 sentimetrar af snjó geti fallið næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hafró vaktar fjarsvæði laxeldis á Vestfjörðum

**Markmið vöktunar Hafrannsóknastofnunar er að fylgjast með svæðum sem ekki eru vöktuð af fiskeldisfyrirtækjunum sjálfum. Fylgst verður með svæðum í nágrenni laxeldis í Arnarfirði og svæðum sem áhugi er fyrir í Ísafjarðardjúpi.**

**LAXELDI** Hafrannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson hefur nýlokið sínum fyrsta leiðangri í vöktun á fjarsvæðum laxeldis í Arnarfirði og á svæðum sem áhugi er fyrir í Ísafjarðardjúpi.

„Í fullkomum heimi hefðum við viljað vera búnir að taka mikið af sýnum í Arnarfirði áður en laxeldi var hafið þar en við erum að byggja upp þekkingu um svæðið; reynslu og gögn til að geta fylgst betur með í framtíðinni,“ segir Hjalti Karlsson, sjávarlíffræðingur og verkefnastjóri hjá Hafrannsóknastofnun.

Hjalti bætir því við að markmiðið með vöktun í Ísafjarðardjúpi sé að ná í grunnstöðu áður en fiskeldi hefst þar.

Verkefnið lýtur að því að skoða umhverfisáhrif laxeldis fyrir utan svæðin undir og við laxeldiskvíar sem fyrirtækjunum sjálfum er ætlað að vakta lögum samkvæmt.

„Þeim er ekki gert að vakta fjarsvæðin, sem eru þá kílómetra eða lengra frá kvíunum. Í þessu verkefni ætlum við okkur að gera það og vorum í okkar fyrsta leiðangri af þessu tagi,“ segir Hjalti.

Hafrannsóknastofnun fékk styrk úr Umhverfssjóði sjókvíaeldis til að hefja verkefnið.

„Í þessum fyrsta leiðangri fórum við á ótal staði í nokkurri fjarlægð og mikilli fjarlægð frá eldisstöðvum í Arnarfirði en í Ísafirði á svæðum þar sem menn hafa sýnt áhuga á að hefja eldi og í nágrenni við þau,“ segir Hjalti.

Í leiðangrinum voru neðanjarðarmyndavélar settar niður á 23 stöðum í Arnarfirði og á yfir 40 stöðum í Ísafjarðardjúpi auk þess sem sýni voru tekin á hverjum stað.

„Úr botngreipum fáum við sýni af botndýrum til greiningar til að átta okkur á stöðunni á lífríkinu og í framhaldinu að geta svo farið aftur á staðina með það fyrir augum að kanna hvort einhverjar breytingar hafa orðið,“ segir Hjalti.



Hafrannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson var í leiðangri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Að sögn Hjalta munu niðurstöður þessa leiðangurs ekki liggja fyrir fyrr en seint á þessu ári en greining á botnsýnum sé tímafrek og kosti marga mannmánuði. Þó sé unnið að áfangaskýrslu sem skila þurfi til Umhverfissjóðsins snemma á árinu og vonast hann til að verkefnið muni njóta áframhaldandi fjármögnunar.

Aðspurður segir Hjalti að vissulega væri gagnlegt að vera með vöktun af þessu tagi víðar um landið. Hún sé hins vegar ákaflega dýr og tímafrek í vinnslu. **adalheidur@frettabladid.is**




**Fjórhjóladrifinn Suzuki S-Cross**
- meiri veghæð, nýjar öflugar- og sparneytnar vélar gera frábæran bíl enn skemmtilegri og til í hvað sem er. Suzuki S-Cross er með ríkulegan staðalbúnað.

Suzuki er áreiðanlegasti bíllinn samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar breska bílaritsins „What Car?“.

ALLGRIP PRO

4WD All-grip skapar aksturseiginleika í sérflokki.

*Það er alltaf Suzuki veður!*

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Birti myndir af látnum föður á Facebook



Facebook bjargaði lítilli stúlku úr hræðilegum aðstæðum. NORDICPHOTOS/GETTY

**BANDARÍKIN** Sex ára stúlku frá Michigan í Bandaríkjunum var bjargað af heimili sínu við afar sérstakar kringumstæður í síðustu viku.

Ástæðan fyrir því að stúlkunni var bjargað var að hún náði að birta mynd af látnum föður sínum og meðvitundarlausri stjúpmóður á Facebook-síðu föðurins.

Ættingi stúlkunnar í Tennessee sá myndina og hafði umsvifalaust samband við lögregluna í Mount Morris Township, norður af Flint í Michigan, sem kom stúlkunni til bjargar.

Á fimmtudagskvöld fundu lögreglumenn föður stúlkunnar látinn á gólfinu og stjúpmóðurina, sem var þá mjög þungt haldin og var flutt á gjörgæslu.

Talsmaður lögreglunnar í Mount Morris Township segir að svo virðist sem fólkið hafi tekið of stóran skammt fíkniefna.

Litlu stúlkunni var komið til móður sinnar. Telpan fékk mikið hrós frá lögreglu fyrir útsjónarsemi við afar erfiðar aðstæður, sem kunni að hafa bjargað lífi stjúpmóður hennar. **– smj**

# Erkibiskupinn í Lyon svarar til saka fyrir meinta yfirhylmingu

Philippe Barbarin, erkibiskup í Lyon, er ákærður fyrir að hafa hylmt yfir með stórfelldum kynferðisbrotum prestsins Bernards Preynat á níunda og tíunda áratugnum. Á yfir höfði sér allt að þriggja ára fangelsi. Barbarin spennti greipar í dómsal í Lyon í gær en Preynat bíður dóms.


Philippe Bararin spennti greipar í dómsal í Lyon í gær. Sakaður um að hylma yfir með barnaníðingi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**FRAKKLAND** Réttarhöld yfir franska kardinálanum Philippe Barbarin, erkibiskupi í Lyon, hófust í Frakklandi í gær. Barbarin á yfir höfði sér fangelsi verði hann fundinn sekur um að hafa hjálpað til við að hylma yfir með kynferðisbrotum kaþólsks prests gegn ungum skátum.

Barbarin er hæst settur þeirra fimm kirkjunnar manna sem ákærðir eru fyrir yfirhylmingu vegna brota sem Bernard Preynat á að hafa framið á níunda og tíunda áratug síðustu aldar í Lyon. Ásakanir á hendur Preynat komu fyrst fram árið 2015 þegar fyrrverandi skáti steig fram og sakaði hann um kynferðislega misnotkun þegar hann var barn.

Samtök þolenda, La Parole Libérée, sem hafa barist ötullega fyrir því að upplýsa um kynferðisbrot innan kaþólsku kirkjunnar, segja að alls hafi 85 manns nú stigið fram og sakaði Preynat um kynferðisbrot. Stofnandi samtakanna er François Devaux, maðurinn sem fyrstur steig fram og sakaði Preynat um misnotkun.

Barbarin er sagður hafa hunsað brot Preynats og gefið að sök að hafa reynt að hylma yfir þau. Hann er 68 ára gamall en á yfir höfði sér allt að þriggja ára fangelsisvist verði hann fundinn sekur. Hann neitar öllum sakargiftum.


François Devaux steig fram og afhjúpaði Preynat. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Eftir að skátaskandallinn skók Lyon árið 2015 tók við lögreglurannsókn í hálft ár auk þess sem Barbarin var yfirheyrður. Svo fór að málið var látið niður falla á þeim forsendum að það væri ýmist fyrnt eða erfitt yrði að sanna hin meintu brot.

En samtökin La Parole Libérée börðust fyrir því að málið yrði opnað á ný og að Barbarin og fleiri háttsettir innan kaþólsku kirkjunnar í Frakklandi yrðu látnir svara til saka fyrir dómi.

Preynat sjálfur hefur viðurkennt að hafa misnotað unga drengi í störfum sínum innan kirkjunnar og í skátastarfi. Réttarhöldin yfir honum verða síðar á þessu ári. Þá er einnig væntanlega bíómynd byggð á sögu Devaux, Grâce à Dieu eða Guði sé lof, síðar á þessu ári.

**mikael@frettabladid.is**

**85**

þolendur Bernards Preynat hafa stigið fram frá árinu 2015.


Þrælahaldararnir hafa neytt fólk til að betla í Stokkhólmi og víðar í Svíþjóð.

## Þrælahaldarar í kirkjuathvarfi

**SVÍÞJÓÐ** Sex Búlgarar, sem nýlega voru dæmdir í nokkurra ára fangelsi fyrir mansal í Svíþjóð, heimsóttu nær daglega athvarf sænsku kirkjunnar í Växjö fyrir heimilislausa og aðra jaðarhópa. Að vetrinum sváfu þrælahaldararnir í athvarfinu ásamt þeim sem þeir höfðu gabbað til Svíþjóðar og sent út á göturnar til að betla um tveggja ára skeið.

Þegar hinir dæmdu, sem sjálfir þóttust vera betlarar, höfðu skutlað þeim sem áttu að betla til hinna ýmsu staða óku þeir aftur í athvarfið, fengu sér kaffi, spiluðu billjard og fóru á netið.

Starfsmenn grunaði að ekki væri allt með felldu en létu lögreglu ekki vita. Nú á að upplýsa starfsmenn betur um þessi mál. **– ibs**

## Gengistryggð lán til MDE

**DÓMSMÁL** Hagsmunasamtök heimilanna hafa sent kæru til Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) vegna úrlausnar mála er varða gengistryggð lán af hálfu íslenskra stjórnvalda og dómstóla. Í tilkynningu frá samtökunum segir að vonandi muni það skýrast fljótlega á árinu hvort dómstóllinn telji málið uppfylla nauðsynleg skilyrði til þess að fá efnislega meðferð.

Kæran byggir á því að lögum um neytendalán hafi verið vikið til hliðar í trássi við skuldbindingar ríkisins gagnvart EES-samningnum. Þannig hafi verið brotið gegn friðhelgi eignarréttar samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu. **– sar**



VINDORKA OG RAMMAÁÆTLUN

Í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytið býður verkefnisstjórn 4. áfanga rammaáætlunar til opins fundar um vindorku **miðvikudaginn 9. janúar 2019** kl. 13-17.

Fundurinn verður haldinn í sal Þjóðminjasafnsins. Beint streymi verður frá fundinum.

Nánari upplýsingar og dagskrá málþingsins er að finna á www.ramma.is

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Rammaáætlun


Hér sést bílalestin keyra í átt til hafnarinnar í Dover. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Æfa viðbrögð við Brexit

**BRETLAND** Lest 89 flutningabíla ók í gær tvær ferðir frá hinum yfirgefna Manston flugvelli í Kent til hafnarinnar í Dover. Um var að ræða æfingu í viðbrögðum við þeirri stöðu sem gæti komið upp ef Brexit gerist án samkomulags og landamæri Bretlands loka.

Breska samgönguráðuneytið segir að æfingin hafi gengið vel og umferðin gengið greiðlega.

Framkvæmdastjóri samtaka fyrirtækja sem stunda flutninga á vegum sagði hins vegar að þetta væri of lítið og of seint.

Svona æfing gæti ekki líkt eftir þeim raunveruleika ef fjögur þúsund flutningabílar sætu fastir á flugvellinum kæmi til lokunar landamæra Bretlands. Þá hefði þetta æfingaferli átt að byrja mörgum mánuðum fyrr. **-sar**

# Útsala




## TAKMARKAÐ MAGN

**Fyrstur kemur, fyrstur fær!**

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI

*- fyrir þitt heimili*

# Lífgjöf



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Í Áramótaskaupinu, þegar sungið var í spurn hvort hommar væru kannski menn, var enn á ný, og vonandi í síðasta skipti, kallað eftir nútímalegri nálgun til blóðgjafa karla sem stunda kynlíf með öðrum körlum (MSM). Það er fyrir löngu orðið tímabært að innleiða nýjar aðferðir og viðhorf í blóðgjöf á Íslandi.

Vert er að minna á það að í umfjöllun síðustu daga um blóðgjöf hefur ítrekað verið rætt um blóðgjafir homma. Kynhneigð kemur á engan hátt málinu við. Allir hommar stunda kynlíf með körlum, en ekki allir karlmenn sem stunda kynlíf með körlum eru hommar. Spurningin snýst um vissa áhættuhegðun, ekki kynverund.

Síðar í þessum mánuði er von á áliti frá ráðgjafarnefnd um blóðgjafaþjónustu um hvort slaka beri á þeim reglum sem gilda hér á landi um blóðgjafir þessa hóps. Á meðan þessi vinna stóð yfir lýsti sóttvarnalæknir þeirri skoðun að, með teknu tilliti til reynslu og áhættumats annarra þjóða, „þá komi vel til álita að heimila MSM að gefa blóð að undangengnu 6 mánaða kynlífsbindindi“.

Í dag er karlmönnum sem stundað hafa kynlíf með öðrum körlum alfarið bannað að gefa blóð. Þessi aðferð, sem vissulega mátti færa rök fyrir á sínum tíma, er fyrst og fremst varúðarráðstöfun sem gripið var til þegar aðstæður voru sannarlega aðrar en þær eru í dag.

Í dag, í krafti nútíma greiningartækni og dýpri þekkingar á þeim blóðsjúkdómum (HIV, lifrarbólgu B og C) sem algengari eru í þessum hópi en öðrum, er vel hægt að færa áhersluna frá varúðarráðstöfun og í kerfi sem byggir á áhættustýringu; kerfi sem grundvallað er á nýjustu vísindaþekkingu, umhyggju og skilningi.

Þetta er fordæmi sem margar þjóðir hafa sett á síðustu 20 árum með því að útrýma altæku banni við blóðgjöf MSM-hópsins, eða takmarka frestanir á blóðgjöfum og þess í stað innleitt persónubundið áhættumat sem byggir á skimunum. Almennt séð hafa þessar breytingar gefið góða raun.

Réttur blóðþegans til að fá örugga blóðgjöf er og verður frumskilyrði blóðgjafakerfisins. Á því verður engin breyting. En hornsteinn þessa kerfis er blóðgjafinn og lífgjöf hans. Og sem slíkir eiga blóðgjafar skilið að tekið sé tillit til ábendinga og áhyggja þeirra.

Ósérplægni, eða einfaldlega mannkærleikur, er einstaklingsbundin tilhneiging, en um leið mikið samfélagslegt mótunarafl. Þessa tilhneigingu núverandi og mögulegra blóðgjafa verður að vernda. Hún er, rétt eins og blóðið sem rennur í æðum þeirra, sjaldgæf verðmæti.

**Réttur blóðþegans til að fá örugga blóðgjöf er og verður frumskilyrði blóðgjafakerfisins.**

Halldór




## Frá degi til dags

**Skugga-Vigga skundar hjá**

Þótt grasið hafi verið reykt í áramótaskaupinu er Dagur B. Eggertsson ekki kominn í öruggt skjól frá fokdýrum braggabrandaranum og Vigdís Hauksdóttir boðar fjörugan fimmtudag í borgarráði: „Heyrði ég rétt – Dagur ætlar ekki að víkja úr nefndinni sem á að skoða hann sjálfan og betrumbæta hans eigin vinnubrögð,“ skrifaði Vigdís á Facebook í gær og bætti við að borgarstjóri geri „sér engan veginn grein fyrir alvarleika málsins!!!“ Og stríðshanskanum var svo kastað eina ferðina enn: „Braggamálið verður á dagskrá borgarráðs á fimmudaginn – það verður fjör.“

**Djókað úti í móa**

Tvær aðsendar greinar í Morgunblaðinu á laugardaginn staðfesta að skopskyn ritstjórans er nokkuð óbrjálað þótt honum hafi ekki fundist skaupið fyndið. Hallur Hallsson fór með himinskautum í vörn fyrir vestræna siðmenningu þegar hann tefldi fram þeim djúpvitra leiðtoga Donald Trump gegn George Soros og glóbalistahyski hans. Skaupgagnrýni héraðsdómarans Arnars Þórs Jónssonar var síðan enn fyndnari, ekki síst sú niðurstaða hans að enginn munur sé á fréttum og gríni hjá RÚV þannig að höfundar skaupsins ættu helst að djóka í samræmi við siðareglur blaðamanna. Góður brandari sem þó er aðeins hægt að hlæja einu sinni að.

thorarinn@frettabladid.is

# Svo lærir sem lifir



Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Hvað lærðir þú í dag?“ er algeng spurning á heimilum á þessum tíma árs. Börn og ungmenni eru eflaust flest vön slíkum spurningum og viðbúin því að greina frá viðfangsefnum dagsins. En þessi spurning getur alveg átt við fleiri en námsmenn. Þetta er nefnilega líka árstíminn þegar margir huga að því hvernig hægt sé að gera lífið betra. Slík betrun getur meðal annars falist í því að huga að heilsunni, hlúa að fjölskyldu og vinum eða bæta við sig þekkingu.

Vera má að eitt af nýársheitum margra sé að fara í nám eða á námskeið. Þar eru ýmsir valkostir í boði en fræðsluaðilar og skólar um allt land keppast nú við að kynna námsleiðir sínar, þjónustu og ráðgjöf. Meðvitund okkar um mikilvægi símenntunar hefur enda aukist töluvert. Við vitum að menntun er æviverk og nám getur farið fram með ýmsum hætti. Símenntun einskorðast ekki við stofnanir eða staði og núorðið er auðveldara að fá hæfni sína metna óháð því hvernig hennar var aflað.

**Námstækifærin blasa víða við**

Á tímum mikilla breytinga þurfum við öll að huga að þróun okkar eigin hæfni og þekkingar og leyfa forvitninni og fróðleiksþorstanum að ráða för. Námstækifærin blasa víða við og galdurinn virðist vera að velja og hafna úr hafsjó upplýsinga og að þekkja réttindi sín og áhugasvið. Því þegar vel er á málum haldið er aukin menntun í víðum skilningi tæki til jafnaðar og ábata fyrir alla.

Eftir því sem tæknibreytingar og þróun samfélagsins verður hraðari því mikilvægara er að fólk hafi aðgang að fjölbreyttum menntunartækifærum, s.s. símenntun og framhaldsfræðslu. Það er okkar hlutverk að skapa aðstæður fyrir fjölbreytilega þekkingarmiðlun en í því samhengi má nefna að á vettvangi mennta- og menningarmálaráðuneytisins er nú m.a. unnið að endurskoðun laga um fullorðinsfræðslu og að frumvarpi um lýðskóla.

**Eftir því sem tæknibreytingar og þróun samfélagsins verður hraðari því mikilvægara er að fólk hafi aðgang að fjölbreyttum menntunartækifærum.**

Melabraut 28




Opið hús þriðjudaginn
8. Jan. Kl. 18.00 - 18:30

Falleg 5. herb. Sérhæð (miðhæð) í þríbýli með bílskúr og sérinngangi, samtals 158,4m2. Í íbúðinni eru 4 svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, borðstofa og stofa. Þvottaherbergi og geymsla í rúmgóðri sameign. Tvær góðar svalir. Bílskúr upphitaður. Frábær staðsetning.
**V. 73,9 m. Nánari uppl. Gústaf s. 611 1761.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ég elska hundinn minn



**Kolbrún Baldursdóttir**
sálfræðingur og borgarfulltrúi Flokks fólksins

Fyrir stjórn Félagsbústaða liggur nú tillaga um að hunda- og kattahald í félagslegu húsnæði í eigu borgarinnar verði leyft. Tillagan var lögð fyrir á fundi borgarstjórnar 13. september 2018. Enn hafa engin viðbrögð borist frá stjórn Félagsbústaða þrátt fyrir að ítrekanir hafi verið sendar. Leyfið yrði vissulega háð sömu skilyrðum og eru í Samþykkt um hundahald í Reykjavík dags. 16. maí 2012.

Eins og vitað er hafa margir sem flutt hafa í félagslegar íbúðir í eigu borgarinnar þurft að láta frá sér gæludýrin sín þar sem ekki er leyfi fyrir þeim í húsnæðinu. Harmur sá sem að fólki er kveðinn þegar það er nauðbeygt að láta frá sér dýrið sitt sem jafnvel hefur verið hluti af fjölskyldunni árum saman er þyngri en tárum taki. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að samþykkja þessa tillögu enda er nú þegar að finna fordæmi í einu af nágrannasveitarfélögum okkar.

**Jákvæð áhrif óumdeilanleg**

Ekkert getur komið í stað tengsla við aðra manneskju en gæludýr getur uppfyllt þörf fyrir vináttu og snertingu. Gæludýr, þar með taldir hundar og kettir, eru hluti af lífi fjölmargra og skipa stóran tilfinninga- og félagslegan sess í hjörtu eigenda þeirra. Öll þekkjum við ýmist persónulega eða hjá vinum og vandamönnum hvernig gæludýr geta dimmu í dagsljós breytt, ekki síst hjá þeim sem eru einmana. Átakanleg eru þau fjölmörg tilvik þar sem fólk hefur orðið að láta frá sér hundana sína vegna þess að þeir eru ekki leyfðir í félagslegum íbúðum á vegum borgarinnar.

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á góð áhrif af umgengni manna við dýr. Rannsóknir sýna að umgengni við dýr eykur tilfinningalega og líkamlega vellíðan og eykur m.a. sjálfstraust, einbeitingu, athygli sem og minnkar streituviðbrögð. Dýr veita einstaklingnum vinskap, líkamlega snertingu og sýna áhuga og væntumþykju án nokkurra skilyrða. Ást til gæludýrs getur verið djúpstæð. Hundar og kettir eru til dæmis oft hluti af fjölskyldunni. Sú sorg sem nístir þegar gæludýr fellur frá eða er aðskilið frá eiganda sínum þekkjum við mörg, ef ekki af eigin reynslu þá annarra.

Að banna gæludýr eins og hunda og ketti í félagslegu húsnæði borgarinnar er ómanneskjulegt og ástæðulaust. Þess er vænst að jákvæð viðbrögð frá stjórn Félagsbústaða berist hið fyrsta enda er hér um réttlætismál að ræða. Það eru margir sem bíða!

> **Rannsóknir sýna að umgengni við dýr eykur tilfinningalega og líkamlega vellíðan og eykur m.a. sjálfstraust, einbeitingu, athygli sem og minnkar streituviðbrögð.**

# Lífsvernd ófæddra er kristin skylda



**Jón Valur Jensson**
guðfræðingur, talsmaður Kristinna stjórnmálasamtaka

Alvarlegasta málið á Alþingi nú er frumvarp heilbrigðisráðherra um fóstureyðingar.

Afstaða Þjóðkirkjunnar til málsins birtist í samþykktum Kirkjuþings og Prestastefnu 1987 og 1988 og hefur ekki verið leyst af hólmi með neinni annarri samþykkt kirkjunnar.

Hér er einróma samþykkt Kirkjuþings 1987: „Rétturinn til lífs er frumatriði allra mannréttinda. Þá kröfu verður að gera til ríkisvaldsins, að það verndi mannlegt líf og efli meðal almennings vitundina um mannhelgi. Löggjöf, sem í raun gerir hið ófædda líf réttlaust, brýtur gegn því grundvallarsjónarmiði kristindómsins, að sérhver einstaklingur eigi rétt til lífs, allt frá upphafi og þangað til dauðinn ber að dyrum með eðlilegum eða óviðráðanlegum hætti.

Kirkjuþing skírskotar til frumvarpa um breytingu á lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 og lögum nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sem flutt hafa verið, og frumvarps sem boðað er.

Vill Kirkjuþing skora á Alþingi að breyta umræddum lögum í þá veru, að friðhelgi mannlegs lífs sé viðurkennd."

Í skjölum sama Kirkjuþings árið 1987, þ.e. í greinargerð með ofangreindri samþykkt, segir orðrétt: „Kirkjuþing telur því brýna nauðsyn bera til, að lög kveði á um friðhelgi mannlegs lífs, tryggi rétt þess jafnt fyrir sem eftir fæðingu."

Og ekki nóg með það, heldur einnig þetta: „Legvatnsrannsóknir og kannanir á ástandi fósturs má ekki framkvæma í öðru augnamiði en því að verða að liði, lækna, sé þess þörf og það mögulegt. Hitt má aldrei vaka fyrir að svipta barnið lífi, virðist eitthvað að."

Prestastefna Íslands, sem lauk í Langholtskirkju 24. júní 1988, tók undir þessa ályktun kirkjuþings 1987 varðandi lög um fóstureyðingar.

Þessar samþykktir kirkjunnar eru í fullu samræmi við kristna, biblíulega trú frá allt frá upphafi á 1. öld, sem kemur fram m.a. í Didache, ritum postullegu feðranna, kirkjuþinga og kirkjufeðra.

Það er augljóst óheillaverk nokkurs löggjafarþings að gera heimildir til fóstureyðinga alfrjálsar af hvaða ástæðu sem er og engri, allt til loka 22. viku, þegar þroski hins ófædda er jafnvel kominn á það stig, að (a) fóstrið hefur haft fullt sársaukaskyn í a.m.k. hálfan mánuð (komið með skynnema um allan líkamann 20 vikna ásamt taugatengingum upp í heila), og (b) dæmi eru um, að 22 vikna fóstur hafi lifað af fæðingu. En hin kristna afstaða er skýr: Engar fóstureyðingar.

Sr. Bjarni Karlsson ritar í Bakþönkum Fréttabl. 12. des. um það þegar barn er nýkomið í heiminn: „Allir fara hljóðlega og allt snýst um þarfir barnsins," eins og allir séu „undir valdi hins nýfædda. Getur hugsast að líkt og nýfætt barn er ekki eign foreldra sinna, heldur en ástvinirnir handa barninu" (BK), þannig eigum við líka að hugsa um hið ófædda barn, af hlýju og umhyggju fyrst og fremst, eins og kirkjan brýnir okkur til? Naumast bjóða þeir alþingismenn betur, sem vilja árás drápstóla á ófætt barn í móðurkviði.

# Á rúmu ári – Verk Vinstri grænna í ríkisstjórn



**Steinar Harðarson**
formaður Vinstri grænna í Reykjavík

Fyrsta heila almanaksár ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur er nú að baki. Þá er góð ástæða til að fara yfir verk stjórnarinnar og meta árangurinn. Þegar við Vinstri græn ákváðum í lok 2017 að taka þátt í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki mæltist það misjafnlega fyrir, bæði meðal okkar félaga og þó kannski ekki síst meðal annarra flokka sem telja sig talsmenn félagshyggju. Við fáum stundum spurninguna: Hvert er erindi VG?

Við, Vinstri græn, vitum vel svarið við því. Náttúruvernd, kvenfrelsi, jafnrétti, öflug samfélagsþjónusta, framsækin menntastefna, sjálfstæð utanríkisstefna, friðarstefna, félagsleg alþjóðahyggja eru helstu áherslur okkar. Það eru ýmsar leiðir færar til að koma stefnumálum á framfæri og í framkvæmd, hafa áhrif á þróun samfélagsins. Það er m.a. hægt með öflugum málflutningi í samfélaginu, með öflugri stjórnarandstöðu á þingi, með þátttöku í ríkisstjórn.

Þegar VG fyrir nær 20 árum hóf af alvöru umræðu um umhverfismál var reynt að gera okkur hlægileg, VG var sagður flokkur sérvitringa sem vildi bara tína fjallagrös. Nú er áhersla á náttúruvernd skrifuð í stefnu allra flokka. Svipuð þróun hefur orðið í kvenfrelsismálum, en þar hefur VG jafnan dregið þyngsta hlassið. Þegar við myndum núverandi ríkisstjórn höfðu margir miklar væntingar um betra samfélag, meiri jöfnuð. Með þessari ríkisstjórn er að því stefnt. Og hvað hefur áunnist? Nokkur atriði:

- Frítekjumark ellilífeyrisþega vegna atvinnutekna hækkað úr 25.000 krónum í 100.000. Eitt fyrsta verk stjórnarinnar.
- Hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi hækkaðar úr 520.000 í 600.000 þann 1. janúar sl.
- Engin komugjöld verða innheimt af öryrkjum og öldruðum í heilsugæslu og hjá heimilislæknum frá 1. janúar 2019. Gjaldtöku fyrir vitjanir lækna til aldraðra og öryrkja hætt.
- Stofnstyrkir til byggingar félagslegs leiguhúsnæðis hækka um 800 milljónir á þessu ári og eftir það er gert ráð fyrir stofnstyrkjum til bygginga allt að 300 félagslegra leiguíbúða árlega.
- Aukin fjárframlög til umhverfismála um 35% frá því að ríkisstjórnin tók við í fjárlögum 2018 og fjármálaáætlun 2019-2023.
- Verulega aukin fjárframlög til reksturs og fjárfestinga í heilbrigðismálum, eða um 11% milli fjárlaga 2017 og 2018 og um önnur 19% á tímabili fjármálaáætlunar.
- Uppbygging innviða á ferðamannastöðum með áherslu á friðlýst svæði. Í heildina verður 2,1 milljarði varið í hana á næstu þremur árum.
- Hækkað kolefnisgjald um 50% og boðuð frekari hækkun um 20% á næstu árum.
- Atvinnuleysisbætur hafa hækkað í 90% af dagvinnutryggingu, úr 227.417 kr. í 270.000 kr. á mánuði.
- Fjármagnstekjuskattur hækkaður úr 20 í 22%. Stefnt að frekari hækkun.
- Breyttar úthlutunarreglur LÍN. Flóttafólk hefur nú aðgang að framfærslulánum í fyrsta sinn.
- Verulega aukið fjármagn til samgöngumála, bæði í fjárlögum yfirstandandi árs og í fjármálaáætlun. Fjárfest verður í uppbyggingu samgönguinnviða fyrir 124 milljarða á tímabili áætlunarinnar.
- Stórátak boðað í uppbyggingu hjúkrunarrýma. Rýmum verður fjölgað um 550 á næstu árum og aðbúnaður bættur við önnur 240.

> **Það er nauðsynlegt að landsmenn kynni sér þau málefni og þær aðgerðir sem VG hefur áorkað.**

Þetta er bara hluti mála sem við höfum haft forgöngu um og hefðu tæplega orðið að veruleika ef við sætum ekki í þessari ríkisstjórn. Við eigum forsætisráðherra Íslands, verkstjóra og foringja ríkisstjórnarinnar, stjórnmálamann sem Íslendingar hafa á síðari tímum treyst langbest. Við eigum kraftmikinn heilbrigðisráðherra sem setur hagsmuni þjóðarinnar framar einkahagsmunum í heilbrigðisþjónustu og byggir upp hið opinbera heilbrigðiskerfi af festu og dugnaði. Og við eigum umhverfisráðherra sem lyft hefur umhverfisráðuneytinu á hærra plan og gert það að framsækinu, öflugu ráðuneyti.

Það er nauðsynlegt að landsmenn kynni sér þau málefni og þær aðgerðir sem VG hefur áorkað á því rúma ári sem ríkisstjórnin hefur starfað. Við getum svarað ómálefnalegri gagnrýni með skýrum rökum. Við erum stolt af okkar verkum og höldum ótrauð áfram. Gerum enn betur!



## Valsmenn stórhuga fyrir komandi keppnistímabil



Karlalið Vals í knattspyrnu kynnti til leiks þrjá nýja leikmenn við huggulega athöfn í Lollastúku í Valsheimilinu síðdegis í gær. Um er að ræða enska sóknarmanninn Gary John Martin og Danina Lasse Petry sem leikur sem miðjumaður og Emil Lyng sem er sóknartengiliður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Aðstæður miklu betri hérna í Hollandi en ég hef áður vanist

**Þau tíðindi bárust óvænt í gær að landsliðskonan Anna Björk Kristjánsdóttir hefði ákveðið hvar hún ætlar að leika knattspyrnu næsta misserið. Hún verður fyrsta íslenska konan til þess að leika knattspyrnu í efstu deild í Hollandi.**

**FÓTBOLTI** Anna Björk Kristjánsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu, gekk í gær í raðir hollenska liðsins PSV Eindhoven. Við sama tilefni var belgíska landsliðskonan Davinia Vanmechelen kynnt til leiks hjá hollenska liðinu, en hún kemur frá franska stórliðinu PSG. Liðið var sett á laggirnar árið 2012 og hefur síðan þá farið tvisvar sinnum í úrslitaleik bikarkeppninnar þar sem liðið laut í lægra haldi í bæði skiptin. Liðið er hins vegar á góðri leið með að tryggja sér hollenska meistaratitilinn í vor, en besti árangur liðsins í efstu deildinni til þessa er þriðja sæti.

Anna Björk kemur til liðsins frá sænska liðinu Limhamn Bunkeflo, en þessi öflugi varnarmaður gaf það út eftir að síðustu leiktíð lauk í Svíþjóð að hún hygðist róa á önnur mið. Nú er komið í ljós hver næsti áfangastaður hennar verður. Auk þess að hafa leikið með Limhamn Bunkeflo hefur hún leikið með Örebro og þar áður KR og Stjörnunni. Þá hefur hún leikið 40 landsleiki fyrir Íslands hönd.



Anna Björk er að ganga til liðs við lið sem trónir á toppi hollensku efstu deildarinnar þegar 14 umferðir hafa verið leiknar af 24, en liðið hefur fjögurra stiga forskot á Twente á meðan hlé er á deildarkeppninni þar í landi. Fyrirkomulagið í Hollandi er þannig að lið verða deildarmeistarar og eftir að deildarkeppninni lýkur leika fimm efstu liðin í úrslitakeppni um hollenska meistaratitilinn. Keppni hefst aftur í hollensku deildinni 1. febrúar, en Anna Björk hóf æfingar með PSV í gær og heldur til Marbella á Spáni í dag. Þar verður liðið við æfingar næstu daga og undirbýr sig fyrir lokasprettinn.

„Ég hóf viðræður við PSV Eindhoven um miðjan október og var búin að ákveða að semja við liðið um miðjan desember. Það var svo gengið endanlega frá þessu í gær. Um leið og ég skoðaði aðstæður hérna í Eindhoven þá leist mér gríðarlega vel á að ganga til liðs við félagið og það skemmdi ekki fyrir að forráðamenn liðsins sýndu mér mikinn áhuga,“ segir Anna í samtali við Fréttablaðið um vistaskiptin.

> Ég samdi út þessa leiktíð, en þeir hafa hug á að semja við mig út næstu leiktíð einnig og ég þarf að svara áður en þessu tímabil lýkur hvort ég vilji vera áfram.
>
> Anna Björk Kristjánsdóttir

„Það er himinn og haf á milli þeirra aðstæðna sem ég er vön að æfa við í Svíþjóð og PSV Eindhoven býður upp á fyrir kvennaliðið sitt. Við æfum á frábærum æfingavelli sem er við hliðina á þeim sem karlarnir æfa á. Við fáum sams konar aðbúnað að öllu leyti og karlarnir sem er auðvitað bara eðlilegt, en því hefur ekki alltaf verið til að dreifa hjá þeim félögum sem ég hef verið að spila fyrir. Það eru allir leikmenn liðsins fyrir utan einn atvinnumenn og gera ekkert annað en að einbeita sér að knattspyrnu. Hér er allt til alls til þess að æfa á morgnana og í hádeginu, þannig að ég sé fyrir mér að bæta mig umtalsvert,“ segir hún um nýja liðið sitt.

„Það er mikill metnaður hjá liðinu að gera vel heima fyrir og síðan í Meistaradeild Evrópu á næstu árum og það er mikill uppgangur í hollenskri kvennaknattspyrnu. Það heillaði mig líka að spila í vetrardeild sem leikin er á lengra tímabili en gerist og gengur í Skandinavíu. Ég er að koma til liðsins þegar tæpur mánuður er í fyrsta leik hjá liðinu sem er góður tímapunktur. Hér er ætlast til þess að ég festi mig í sessi í vörn liðsins, en ég þarf að berjast fyrir sæti mínu þar sem vel hefur gengið á fyrri hluta tímabilsins. Ég samdi út þessa leiktíð, en þeir hafa hug á að semja við mig út næstu leiktíð einnig og ég þarf að svara áður en þessu tímabili lýkur hvort ég vilji vera hér áfram. Það kemur klárlega vel til greina miðað við fyrstu kynni mín af félaginu,“ segir hún um framhaldið. **– hó**

## Nýjast

### Domino's-deild karla

**Keflavík - Njarðvík 85-88**

**Keflavík:** Michael Craion 34, Mindaugas Kacinas 20, Hörður Axel Vilhjálmsson 15, Gunnar Ólafsson 10, Magnús Már Traustason 2, Mantas Mockevicius 2, Reggie Dupree 2.

**Njarðvík:** Elvar Már Friðriksson 32, Jeb Ivey 17, Maciek Stanislav Baginski 17, Mario Matasovic 8, Julian Rajic 6, Kristinn Pálsson 5, Ólafur Helgi Jónsson 3.

**Staðan í deildinni:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Njarðvík | 22 | Grindavík | 12 |
| Tindastóll | 20 | ÍR | 8 |
| Keflavík | 16 | Valur | 8 |
| Stjarnan | 16 | Haukar | 8 |
| KR | 16 | Skallagrímur | 4 |
| Þór Þorlákshöfn | 12 | Breiðablik | 2 |

### Enska bikarkeppnin

**Wolves - Liverpool 2-1**

1-0 Raúl Jiménez (38.), 1-1 Divock Origi (51.), 2-1 Rúben Neves (55.).

Með þessum leik lauk þriðju umferð ensku bikarkeppninnar í knattspyrnu karla.

Dregið hefur svo verið í fjórðu umferð keppninnar og lesa má hvaða lið mætast þar inni á vefnum frettabladid.is.



**Gunnar Magnússon og Guðmundur Þórður bera saman bækur sínar.**

## HM-hópurinn valinn í dag

**HANDBOLTI** Guðmundur Þórður Guðmundsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í handbolta, mun í dag tilkynna hvaða sextán leikmenn hann tekur með sér á heimsmeistaramótið í handbolta sem hefst á fimmtudaginn. Er þetta fyrsta stórmótið eftir að Guðmundur tók við liðinu í þriðja sinn og hefja Strákarnir okkar leik gegn Króatíu á föstudaginn í München.

Þjálfarateymið kynnti á dögunum sautján manna leikmannahóp sem tók þátt í Gjensidige Cup, æfingamóti í Noregi, en skakkaföll urðu til þess að Óðinn Þór Ríkharðsson og Bjarki Már Elísson voru kallaðir inn í hópinn vegna meiðsla Sigvalda Guðjónssonar og veikinda Stefáns Rafns Sigurmannssonar.

> Íslenska liðið hefur leik á heimsmeistaramótinu á föstudaginn kemur. Í dag verða valdir þeir leikmenn sem halda munu til München fyrir Íslands hönd.

Fyrirliði liðsins, Guðjón Valur Sigurðsson, meiddist í síðasta æfingaleik Íslands í Noregi og Aron Pálmarsson og Arnór Þór Gunnarsson urðu sömuleiðis fyrir hnjaski í þeim leik. Þá hefur Arnar Freyr Arnarsson ekki náð að leika í æfingaleikjum liðsins vegna nefmeiðsla en búist er við því að þeir séu í sextán manna hópnum hjá Guðmundi. **– kpt**

# Fólk
Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 8. JANÚAR 2019




„Stefnan er að halda áfram á sömu braut næstu ár og njóta félagsskaparins, íslenska veðursins og gera mitt besta úr því sem ég hef að spila úr og uppskera um leið gleðina, frelsið og vonandi góða heilsu áfram,“ segir Sigurjón Haraldsson hjólreiðakappi sem byrjaði að hjóla fyrir alvöru árið 2013. MYND/ANTON BRINK

# Allt lagast í lífinu þegar sest er á reiðhjólið

Hinn 62 ára Sigurjón Haraldsson hefur stundað hjólreiðar af kappi undanfarin ár og m.a. tekið þátt í mörgum hjólareiðakeppnum. Hjólreiðar veita honum mikla ánægju og hafa bein áhrif á andlega og líkamlega heilsu hans. →2

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMA-STARFINU?
Finndu þitt starf á
Job.is
FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is

Framhald af forsíðu ➜

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Áhugi Sigurjóns Haraldssonar á hjólreiðum kviknaði fyrir nokkrum árum þegar hann hóf að hjóla einn og einn dag til og frá vinnu. Vegalengdin var um fimm kílómetrar og notaði hann gamalt fjallahjól sem hann átti. „Þetta var árið 2013 og ég var býsna hróðugur með þetta afrek. Þá sá ég viðtal við konu sem bjó í Vogum á Vatnsleysuströnd og hjólaði daglega í og úr vinnu en hún vann á Borgarspítalanum. Þessa leið hjólaði hún á fermingarhjóli sonar sín en hvor leið er um 36 km. Þá ákvað ég að byrja að hjóla daglega þessa stuttu leið í vinnuna mína.“

Í upphafi árs 2014 skoraði sonur Sigurjóns á hann í keppni um hvor yrði á undan að hjóla 2.000 kílómetra á árinu. „Fyrir fram hefði ég ekki getað ímyndað mér að nokkur maður hjólaði svo mikið á einu ári en í október náði ég þessu ótrúlega markmiði og hrósaði um leið sigri í þessari keppni milli okkar feðga. Undanfarin ár hef ég aftur á móti hjólað 7-10.000 kílómetra á ári enda hjóla ég í og úr vinnu allan ársins hring.“

## Margar keppnir

Ári síðar uppfærði Sigurjón hjólakost sinn og keypti sitt fyrsta racer-hjól og skráði sig í sína fyrstu hjólakeppni. „Um var að ræða hálfa Jökulmílu en þá var hjólað frá Grundarfirði í Stykkishólm og aftur til baka, um 78 km. Ég kláraði keppnina með herkjum þar sem hnakkurinn á hjólinu hentaði engan veginn en þó náði ég 35. sæti af um 80 keppendum.“

Sama sumar skráði Sigurjón sig í hjólaklúbb Víkings þar sem fyrir var frændi hans Hartmann K. Guðmundsson. „Hann var og er mín helsta fyrirmynd og mikill áhrifavaldur í hjólalífi mínu. Þar hef ég fundið mig mjög vel og fengið mikla hvatningu frá félögunum og eignast marga frábæra vini.“

Frá 2015 hefur Sigurjón tekið þátt í flestum mótum í götuhjólreiðum og vann m.a. fyrstu gullverðlaunin í sínum aldursflokki þegar hann tók þátt í KIA Gullhringnum árið 2015. Auk þess bættist fjallahjól í safnið á síðasta ári. „Undanfarin ár hef ég tekið þátt í mörgum keppnum og oft náð góðum árangri. Þar má m.a. nefna Vesturgötuna, WOW cyclothon og Tour of Reykjavík. Ég tók síðan þátt í mínu fyrsta fjallahjólamóti á síðasta ári en það var Bláa lóns þrautin. Svo má nefna að ég vann titilinn Hjólagarpur Húsasmiðjunnar 2018 eftir að hafa hjólað flesta kílómetra í keppninni Hjólað í vinnuna sem haldin er á hverju sumri.“



Í skemmtilegri ævintýraferð síðasta sumar niður með Jökulsárgljúfri þar sem af og til þurfti að bera hjólin. Sigurjón er neðar í brekkunni.

> **Fyrir fram hefði ég ekki getað ímyndað mér að nokkur maður hjólaði svo mikið á einu ári en í október náði ég þessu ótrúlega markmiði.**



Sigurjón nýkominn í mark í Vesturgötukeppninni síðasta sumar. Þar átti hann æsilegan endasprett í kapp við yngsta keppandann, Jakob Daníelsson 17 ára, þar sem hann, elsti keppandinn, hafði betur.



Í hjólatúr í fallegu veðri á Hengilssvæðinu.

Auk formlegra keppna hjólar Sigurjón auðvitað mikið með hjólafélögum sínum allt árið um kring. „Utan þess að hjóla í og úr vinnu allt árið og stunda æfingar með Víkingi og hjóla ég með félögunum í mislöngum túrum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni en líka á Snæfellsnesi og á Norðurlandi. Næst á dagskránni er Spánarferð með Víkingum í apríl þar sem fjölmennur hópur ætlar að leggja land undir fót og hjóla vítt og breitt í vikutíma.“

## Góð áhrif á heilsuna

Þrátt fyrir að hafa stundað ýmsa líkamsrækt undanfarin ár hafa hjólreiðarnar átt stóran þátt í betri andlegri og líkamlegri heilsu hans. „Í dag er ég 62 ára gamall. Ég hef stundað dans, víðavangs- og fjallgöngur og ýmislegt fleira undanfarin ár en hjólreiðar hafa verið mitt helsta áhugamál síðan ég byrjaði að æfa með Víkingum. Hjólreiðar veita mér mikla ánægju og hafa bein áhrif á heilsuna, bæði líkamlega þar sem styrkur minn og þrek hefur tekið miklum framförum, og ekki síður andlega heilsuna þar sem allt lagast þegar ég er kominn á hjólið. Stefnan er að halda áfram á sömu braut næstu ár og njóta félagsskaparins, íslenska veðursins og gera mitt besta úr því sem ég hef að spila úr og uppskera um leið gleðina, frelsið og vonandi góða heilsu áfram.“




Sigurjón keppti með liði TVG Zimsen sem tók þátt í WOW cyclothon 2018.



Stund milli stríða í einni af fjölmörgum vetrarferðum við Hafravatn.




Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5769 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 8. JANÚAR 2019




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Volvo með 30,3% af lúxusbílamarkanum í fyrra

Á nýliðnu ári seldust alls 1.997 bílar sem falla í lúxusbílaflokk. Þar af voru 605 Volvo bílar, eða 30,3%. Árið áður var hlutdeild Volvo talsvert minni, eða 17,6% og 361 seldur bíll. →2



# Vinsælasta vara Volkswagen er currywürst-pylsur

Volkswagen framleiddi 6.810.000 currywürst-pylsur í fyrra, en þær myndu ná á milli höfuðstöðvanna í Wolfsburg og til Rómar.



Til að uppfylla allar þarfir hefur Volkswagen einnig framleitt vegan currywürst frá árinu 2010.

Þótt bílar Volkswagen séu vinsælir er engin ein vara sem Volkswagen framleiðir vinsælli en currywürst-pylsurnar sem framleiddar eru í höfuðstöðvum Volkswagen í Wolfsburg. Já, þú last rétt, Volkswagen framleiðir pylsur og þær voru 6.810.000 talsins sem runnu af færiböndunum í fyrra. Volkswagen hefur framleitt þessar pylsur í næstum 50 ár, en bíla í 80 ár. Reyndar er currywürst-pylsa Volkswagen næstelsta framleiðsluvara fyrirtækisins, aðeins Passat er eldri af núverandi framleiðslu. Allar framleiðsluvörur Volkswagen hafa sitt eigið framleiðslunúmer og ef þú ætlar að panta þér Volkswagen currywürst þá er rétt að biðja um eitt eintak af 199 398 500 A. Fituinnihald VW currywürst er 20% en flestar sambærilegar þýskar pylsur eru með um 35% fituinnihald, svo það liggur við að hægt sé að kalla þær heilsupylsur.

### Myndu ná á milli Wolfsburg og Rómar

Þó svo framleiddar hafi verið 6,81 milljón VW currywürst-pylsur í fyrra var meira framleitt árið 2015, eða 7,21 milljón og var það metár í pylsugerð VW. Í þær voru notuð 1.181 tonn af hráefni. Svo margar eru pylsurnar sem Volkswagen framleiðir á hverju ári að þær myndu ná á milli Wolfsburg og Rómar, en pylsurnar eru framleiddar í tveimur stærðum og er sú stærri um 25 cm en sú minni helmingi styttri. Kryddblandan sem notuð er í pylsurnar er úr 21 mismunandi kryddi og inniheldur meðal annars karrí, salt, pipar og engifer. Til að uppfylla allar þarfir hefur Volkswagen framleitt vegan currywürst frá árinu 2010 og í fyrra voru þær 22.101 talsins.

### Í boði á fótboltavöllum og í stórmörkuðum

Volkswagen selur þessar vinsælu pylsur sínar á tveimur þekktum fótboltavöllum. Að sjálfsögðu eru þær til sölu hjá heimaliðinu Vfl Wolfsburg, sem Volkswagen á, en líka hjá Eintracht Braunschweig. Pylsurnar eru einnig til sölu í 22 stórmörkuðum í Wolfsburg og nágrenni og í ár verða þær einnig til sölu á veitingastað í Singapúr. Þó svo VW currywürst sé langvinsælasta pylsan sem framleidd er af pylsugerðarmönnum Volkswagen þá framleiða þeir líka átta aðrar gerðir af pylsum, Bologna sem var framleidd í 429.918 eintökum í fyrra, Bouillonwurst (380.806), Krakowska (165.268), Bratwurst (140.655), Käsegriller (74.205), Bregenwurst (66.700), Salsiccia (56.955) og Gyrobratwurst (42.480). Því voru alls framleiddar 8.110.000 pylsur í risapylsuframleiðslu Volkswagen í fyrra auk þess sem þar voru framleidd 16.243 kíló af kjöthleifum.

» Svo margar eru pylsurnar sem Volkswagen framleiðir á hverju ári að þær myndu ná á milli Wolfsburg og Rómar.

# Kaupir KTM Ducati?

Forstjóri mótorhjólaframleiðandans KTM, Stefan Peirer, lét hafa eftir sér nýlega í viðtali að KTM hefði fullan hug á því að yfirtaka Ducati sem nú heyrir undir Volkswagen Group en er í umsjá Audi. Mjög lengi hafa sögusagnir verið uppi þess efnis að Volkswagen Group muni selja Ducati, ekki síst í kjölfar dísilvélasvindlsins og fjárþurrðar VW vegna þess. Svo mikill virðist áhugi KTM að það veltur bara á vilja Volkswagen Group til sölu Ducati hvort af þessari yfirtöku verður. Stefan Peirer segir að Ducati sé Ferrari mótorhjólanna og að hann hafi í raun sterk tilfinningatengsl við Ducati-mótorhjól og gæti því einkar vel hugsað sér að bæta ítalska merkinu við sístækkandi mótorhjólaframleiðslu KTM.



### Úr 6.000 hjólum í 265.000

Forstjórinn tók við forstjórastöðu KTM árið 1992, fyrir heilum 26 árum og hefur breytt fyrirtækinu úr framleiðenda 6.000 mótorhjóla í 265.000 hjóla framleiðanda. Fyrir fimm árum keypti KTM mótorhjólamerkið Husqvarna af BMW og á það hluta af framleiðsluaukningunni. Stefan segir að Volkswagen Group geri sér hugsanlega ekki grein fyrir því erfiða ástandi sem blasi við Ducati vegna hertra mengunarreglna, en að KTM hafi einmitt búið sig vel undir þær miklu breytingar sem verða þurfi á drifrásum mótorhjóla. Hann segir að Volkswagen Group sé með hugann við rafmagnsvæðingu bíla sinna og enn að kljást við afleiðingar dísilvélasvindlsins og hafi því hugsanlega ekki lagt mikla áherslu á að uppfylla mengunarstaðla Ducati-hjólanna til framtíðar. Nú er bara að sjá hvort Volkswagen Group sé tilbúið að láta Ducati-merkið frá sér og bæta í budduna í leiðinni, en að minnsta kosti er áhugasamur kaupandi til staðar.

BÍLAR
www.frettabladid.is
Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Auglýsingar: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Sími 550 5657
Útgáfufélag: Torg ehf. Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

# Sölumet hjá Volvo á Íslandi

Alls seldust 2.000 lúxusbílar á Íslandi í fyrra og voru Volvobílar 605 þeirra og markaðshlutdeild merkisins því 30,3%.



Volvo XC90 öslar snjóinn.

Volvo hefur verið í mikilli sókn undanfarin ár á lúxusbílamarkaði á heimsvísu og hefur sett nýtt sölumet á hverju ári undanfarin ár. Ísland er þar engin undantekning því hlutdeild Volvo á lúxusbílamarkaði er einstök og seldust yfir 600 nýir Volvo bílar á árinu. Brimborg fagnaði 30 ára afmæli á árinu sem umboð Volvo á Íslandi og um leið stærsta ári Volvo frá upphafi hérlendis. Lúxusbílamarkaðnum má skipta upp í einkabílamarkað, fyrirtækjamarkað og sölu lúxusbíla til bílaleiga og er Volvo í sérflokki í tveimur fyrstnefndu. Á einkabílamarkaði lúxusbíla ber Volvo höfuð og herðar yfir aðra lúxusbíla með 36,7% hlutdeild á árinu sem var að líða og jók söluna á þeim markaðshluta um 90%.

### Volvo einnig stærst á fyrirtækjamarkaði

Á fyrirtækjamarkaði lúxusbíla var Volvo einnig með mesta hlutdeild eða 26% og jók söluna um 66%. Volvo var með um 8% hlutdeild í sölu lúxusbíla til bílaleigа og því var heildarhlutdeild Volvo á lúxusbílamarkaði 30,3%. Jókst sala Volvo um tæp 68% á milli ára en 605 nýir Volvo-bílar voru nýskráðir á árinu sem er eins og áður segir nýtt met í sölu Volvo á Íslandi. Brimborg fagnaði árinu 2018 með því að opna á vormánuðum síðasta árs nýjan sýningarsal fyrir Volvo bíla að Bíldshöfða 6. Salurinn er hannaður samkvæmt ýtrustu kröfum Volvo með það að markmiði að skapa sem besta og þægilegasta upplifun viðskiptavina Volvo á Íslandi.

» Á nýliðnu ári seldust alls 1.997 bílar sem falla í lúxusbílaflokk. Þar af voru 605 Volvo bílar, eða 30,3%. Árið áður var hlutdeild Volvo talsvert minni, eða 17,6%

### 2.000 lúxusbílar seldust í fyrra

Á nýliðnu ári seldust alls 1.997 bílar sem falla í lúxusbílaflokk. Þar af voru 605 Volvo bílar, eða 30,3%. Árið áður var hlutdeild Volvo talsvert minni, eða 17,6% og 361 seldur bíll. Næst á eftir Volvo nú kom svo Mercedes Benz með 359 selda bíla, Land Rover 329 bíla, Audi 305, BMW 222, Lexus 76, Porsche 53, Jaguar 47 og aðrir minna. Árið 2017, sem og flest undanfarin ár, var Mercedes Benz langsöluhæsta lúxusbílamerkið með 523 bíla selda og 31,4% markaðshlutdeild. Sú breyting varð því í fyrra að Volvo skaut Mercedes Benz ref fyrir rass með afgerandi hætti.

# **LEXUS ES 300h –** NÝ HETJA TEKUR FORYSTUNA



HYBRID

ハイブリッド

Sannir leiðtogar eru alltaf í fararbroddi. Við kynnum nýjan Lexus ES 300h þar sem fjórða kynslóð sjálfhlaðandi Hybrid kerfisins skilar miklu afli með lágri eldsneytiseyðslu og $CO_2$ útblæstri. Einstök hönnun og búnaður sem hæfir japanskri hetju sem allir líta upp til. Komdu og reynsluaktu.

**ES** 300h — FÓLKSBÍLL

FRÁ 7.910.000 KR.



**Lexus-Ísland** – Kauptúni 6, Garðabæ – **lexus.is**

LEXUS

EXPERIENCE AMAZING

# BÍLAR

## BMW og Benz í samstarf

Keppinautarnir Mercedes Benz og BMW munu líklega hefja samstarf um sameiginlega smíði undirvagna, rafhlaða og þróun sjálfakandi búnaðar. Viðræður eru víst á upphafsstigi. Ef af þessu samstarfi verður er engu að síður þónokkuð langt að bíða afrakstursins, eða nokkur ár. Samstarf Mercedes Benz og BMW er þó ekki alveg nýtt af nálinni því árið 2017 bundust fyrirtækin böndum ásamt Ford og Volkswagen um þróun hraðhleðslunets í Evrópu sem hefst í Þýskalandi, Austurríki og í Noregi. Árið 2016 bundust þau einnig samkomulagi um þróun 5G-símabúnaðar í bíla sína. Audi, BMW og Benz sameinuðust líka Nokia við frekari þróun Here leiðsögukerfa með tengingu við sjálfakandi búnað. Þessa dagana berast fréttir í síauknum mæli um samstarf milli bílaframleiðenda um þróun allrahanda tæknibúnaðar sem einum framleiðanda gæti reynst dýrt að þróa og er þessi þróun vafalaust bílkaupendum til góðs og ætti að stuðla að lægra verði slíks búnaðar í bílum.



Frá vöruhúsinu í Búlgaríu þar sem þessir ónotuðu bílar fundust.

## Fundu 11 ónotaða 25 ára BMW 5-línu bíla í Búlgaríu

Um daginn fundust ellefu stykki af algerlega ónotuðum BMW 5-línu bílum í vöruhúsi í Blagoevgrad í suðvesturhluta Búlgaríu. Tilvist þeirra þar á sér skýringar, en árið 1994 voru þessir bílar keyptir af BMW sem bílaleigubílar, en þeir voru svo aldrei notaðir í leigunni og fengu reyndar aldrei skráningarnúmer. Allir bílarnir eru af 1994 árgerð, flestir þeirra BMW 520s, en tveir öflugri 525s bílar og einn þessara bíla er af langbaksgerð. Þó svo þessir bílar séu algerlega ónotaðir er ytra byrði sumra þeirra skaðað sökum lélegrar geymslu bílanna, en að innan eru bílarnir eins og nýir og í sumum þeirra eru enn plastfilmur til verndar sætum og öðrum flötum innréttinga þeirra.

Til stendur að selja alla bílana og hefur heyrst að verð bílanna flestra verði í kringum 15.000 evrur, eða um tvær milljónir króna. Athygli vekur að bílarnir eru ekki löglegir til skráningar í Búlgaríu þar sem þar er ekki leyfilegt að skrá bíla sem ekki standast núverandi Euro-mengunarstaðla og því er seljanda bílanna sá einn kostur að selja þá til annarra landa þar sem löglegt er að skrá slíka bíla.



Ný kynslóð Toyota RAV4 var sýnd um liðna helgi.

## RAV4 og Lexus ES frumsýndir í Kauptúni

Það var margt um manninn og góð stemning hjá Toyota og Lexus í Kauptúninu á laugardaginn þegar nýju ári var fagnað með stórsýningu og tveimur splunkunýjum bílum. Lexus kynnti nýjan Lexus ES 300h sem nú kemur í fyrsta sinn á markað í Evrópu. Þetta er stór og glæsilegur fólksbíll af betri gerðinni þar sem einstaklega vel fer bæði um ökumann og farþega. Hjá Toyota var Evrópufrumsýning á nýrri kynslóð RAV4 sem vakið hefur mikla athygli fyrir sportlegt útlit og ríkulegan búnað.

Toyota RAV4 kom fyrst á markað 1994 og með honum kom ný gerð af bíl fram á sjónarsviðið, bíll sem sameinar kosti fólksbíla og jeppa. Síðan þá hafa nánast allir bílaframleiðendur kynnt svipaða bíla og er þetta ein vinsælasta útfærsla bíla í dag. Nú kemur fram ný kynslóð frumkvöðulsins, nýr RAV4 frá grunni. Útlit bílsins hefur vakið mikla athygli og er hann gjörbreyttur að sjá og skartar öflugri og fágaðri sportjeppahönnun.

RAV4 verður fáanlegur í bæði bensín- og Hybrid-útfærslum. Ný bensínvél skilar 173 hestöflum og ný 2,5 l Hybrid drifrás skilar 222 hestöflum og hröðun frá 0-100 km á 8,1 sekúndu. Toyota Safety Sense öryggiskerfið er staðalbúnaður í RAV4 en það hjálpar við að skynja önnur ökutæki, hjólreiðafólk og gangandi vegfarendur í umhverfinu.



Suzuki Hayabusa setti ný viðmið er það kom á markað.

# Blessuð sé minning Suzuki Hayabusa

### Ástæða þess að Suzuki hefur hætt framleiðslu Hayabusa er mengunarreglugerð sem mótorhjólið uppfyllir ekki.

Framleiðslu eins nafntogaðasta mótorhjóls heims, Suzuki Hayabusa, verður hætt á næstunni, en Suzuki hefur látið uppi þessi áform eftir nær 20 ára framleiðslu hjólsins öfluga. Þegar Suzuki Hayabusa kom fyrst til sögunnar af árgerð 1999 var komið á markað fyrsta fjöldaframleidda mótorhjólið sem náð gat yfir 300 km hraða með sinn 1.299 cc og 173 hestafla mótor. Eftir því sem árin liðu varð mótorinn í Hayabusa reyndar öflugri og öflugri.

Þegar Hayabusa kom á markað var hjólinu ætlað að slá við Honda CBR1100XX Blackbird, en það var 1.100 cc hjól sem náð gat allt að 300 km hraða. Hayabusa er nafn ákveðinnar tegundar fálka í Japan og á matseðli þess fálka er einna helst svartþröstur, eða blackbird,

> **Þegar Suzuki Hayabusa kom fyrst til sögunnar af árgerð 1999 var komið á markað fyrsta fjöldaframleidda mótorhjólið sem náð gat yfir 300 km hraða.**

en með nafninu sést að Hayabusa hjólinu var ætlað að éta Blackbird-hjól Honda og það tókst.

**Sló Honda og Kawasaki við**

Annað hjól sem Hayabusa var ætlað að éta í forrétt var síðan Kawasaki Ninja ZX-12R og urðu bæði Honda- og Kawasaki-hjólin að láta í minni pokann fyrir Hayabusa, altént hvað hámarkshraða varðaði. Árið 2008 fékk Hayabusa sína fyrstu alvöru yfirhalningu og fékk 1.340 cc og 194 hestafla vél, en vél, bremsum, skiptingu og stýringu hjólsins var breytt til hins betra. Eigendur Hayabusa-hjóla hafa sumir hverjir aukið afl hjóla sinna með forþjöppum, keflablásurum og nitro-eldsneyti og eru þau þá orðin að hálfgerðum kraftaskrímslum. Ástæðan fyrir því að Suzuki hefur nú ákveðið að hætta framleiðslu Hayabusa er mengunarreglugerð sem gerir Suzuki vart kleift að endurhanna vélina svo hún standist þær reglugerðir. Við áramót má ekki lengur selja Suzuki Hayabusa í Evrópu, svo það eru síðustu forvöð að tryggja sér eitt af síðustu eintökum af hjólinu öfluga.

# Rafbílaframleiðandi ársins er Hyundai og Kona bíll ársins

Hyundai Motor í Bretlandi hlaut í liðinni viku þrenn mikilvæg verðlaun við verðlaunaafhendingu Next Green Car Awards þegar fyrirtækið hlaut titilinn „Framleiðandi ársins 2018“ og rafknúni sportjeppinn Kona hlaut tvo titla sem „Bíll ársins“ og „Fjölskyldubíll ársins“ 2018 vegna framúrskarandi drægis Kona (449 km) og mikillar hagkvæmni hans í notkun og rekstri miðað við verð. Verðlaunin komu fast á hæla annarra mikilvægra verðlauna, en Hyundai var nýlega kjörinn „Rafbílaframleiðandi ársins“ hjá GreenFleet Awards.




Hyundai Kona rafmagnsbíllinn.

**Einstakt drægi**

Í máli dómnefndarfólks í Next Green Car Awards kom fram að kaup á Hyundai Kona EV séu einstaklega hagstæð vegna þess hve bíllinn er vel búinn og þess hversu langt er hægt að komast á hleðslu rafhlöðunnar í samanburði við drægi annarra rafbíla í sambærilegum verðflokki. Dómnefndin

> **Í máli dómnefndarfólks í Next Green Car Awards kom fram að kaup á Hyundai Kona EV séu einstaklega hagstæð vegna þess hve bíllinn er vel búinn.**

bendir á að Hyundai sé fyrsti framleiðandinn sem hafi getað boðið stærsta kaupendahópnum svo mikið drægi sem Kona hafi. „Þess vegna er Kona EV rafbíll ársins 2018 hjá NGCA,“ segir í niðurstöðu dómnefndar sem benti einnig á IONIQ þrennuna til vitnis um einstakt frumkvöðlastarf Hyundai á rafbílasviði.




# Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

## - mikið úrval aukahluta

### Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra aksturseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.

**Frá 139.000,- m/vsk**



**Frá 389.000,- m/vsk**



### Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn



Innbyggð geymsluhólf



Innfelldar krækjur



Fjöldi botnstífa



Aðeins 12° halli

### Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur

Burðargeta allt að 2.835 kg.

**Frá 1.069.000,- m/vsk**



### Söluaðilar Motormax:

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

**TOPPBÍLAR**
Klettháls 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

**KRAFTVÉLAR**
Dalvegi 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500

**Kaupfélag Skagfirðinga**
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
Sími 455-4500

**N1**
Klettagörðum 13
104 Reykjavík
Sími 440-1243

**MotorMax**

Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

# BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR

## MERCEDES BENZ GLC

- 2,0 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 211 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 7,7 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 172 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 7,3 í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 209 km/klst.
**Verð frá:** 8.170.000 m.kr.
**Umboð:** Askja

Kostir:
- Aksturseiginleikar
- Vel smíðaður
- Innra útlit
- Pláss

Gallar:
- Skottrými
- Verð
- Pirrandi staðsetning skiptingar



Mercedes Benz GLC

# Góður arftaki GLK-jeppans

GLC leysti af hinn kantaða GLK-bíl Benz og hér er kominn afar akstursfær bíll sem fæst í mörgum góðum útgáfum. Laglegur að innan sem utan, með fína aksturseiginleika og vel búinn bíll.

**Reynsluakstur**
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Bílamódel og heiti Mercedes Benz bíla eru orðin svo fjölbreytt og flókin að tilhlýðilegt er að byrja á því að staðsetja hann þennan. Mercedes Benz GLC er mitt á milli GLA og GLE og á forvera í bíl sem nefndur var GLK. GLC er af stærð sem gæti fallið á milli jepplings og jeppa. Til að skýra það frekar út þá er hann að innanrými aðeins minni en BMW X3. Eitt enn sem skýrir út GLC-nafnið er að síðasti stafurinn, þ.e. C, bendir til þess að hann sé af ámóta stærð og C-Class fólksbíllinn, líkt og GLA er á stærð við A-Class. GLC á meira sameiginlegt með C-Class, en hann er á sama undirvagni. Margir yrðu því sammála að forverinn GLK hafi verið full kantaður að ytra útliti og því er með GLC kominn mun fegurri bíll sem falla mun fleirum í geð. Hann er þó hvorki sláandi flottur né sláandi ljótur, telst ekki meðal framúrstefnulegrar hönnunar, en ansi ásjálegur verður að segja. GLC-bílnum hefur verið afar vel tekið og hann seldist í 111.000 eintökum í Evrópu í fyrra, tæplega 49.000 í USA og 112.000 í Kína.

### Ljúfur og þægilegur akstursbíll

Einhvern veginn finnst það strax við akstur þessa bíls að þar fer Mercedes Benz, það er bara einhver sérstök tilfinning. Bíllinn er þéttur og fágaður í senn. Þegar af stað er farið finnst að hann er ekki sérlega sportlegur, en þá ættu menn almennt ekki að velja sér jepplinga/jeppa. Samt er aksturinn mjög ánægjulegur og það má aka þessum bíl hratt í innanbæjarumferðinni og taka beygjurnar þétt og hringtorgin líka, en bíllinn hallast lítið við það og heldur rásfestu vel. Fjöðrunin virðist mjög vel stillt, nógu slaglöng fyrir erfiðari ójöfnur og hraðahindranir og fyrir vikið er bíllinn þægilegur í akstri og ekki skemmir fjórhjóladrif fyrir rásfestunni. Bíllinn er með multi-link fjöðrun allan hringinn, en stilla má fjöðrun hans með akstursstillingum. Stýringin er nákvæm og greinilega með mikilli aðstoð og því er tilfinningin fyrir vegi ekki alveg beint í æð. Mjög svo ánægjulegur akstur í heildina og fyrirhafnarlaus.


Afskaplega kalssísk og lagleg Benz innrétting og ekki skaðar viðurinn.

### Merkilega spræk tveggja lítra vél

Sá GLC sem reyndur var er með 211 hestafla bensínvél með 2,0 lítra sprengirými. Þarna fer ágætlega spræk vél, en gerir þennan næstum 2 tonna bíl ekki að neinum sportara. Sé það meiningin er rétt að





# BÍLAR








Mercedes Benz GLC er ekki með stærri jeppum, en samt nægt pláss.

benda á suddalega aflmikla AMG-útgáfu GLC-bílsins sem slær Audi SQ5 og BMW X3 M40i við í afli og upptöku. Engu að síður skilar þessi vél bílnum svo vel áfram að hann er aðeins 7,3 sekúndur í hundraðið og fyrir vikið er nokkuð gaman að leyfa vélinni að hafa svolítið fyrir hlutunum. Eyðslan í reynsluakstrinum reyndist ekkert sérstök, eða um 13 lítrar en rétt er að benda á að hann fór allur fram innan borgarmarkanna. Uppgefin eyðsla er 7,7 lítrar og því var bíllinn ansi langt frá þeirri viðmiðunartölu, en slíkt er reyndar alltof algengt. Það væri ef til vill betri kostur að velja dísilútgáfur GLC til að fá fram lægri eyðslu bílsins enda er GLC 220d með uppgefna 5,9 lítra eyðslu. Reyndar má fá GLC með tveimur útgáfum 2,1 lítra dísilvélar, 170 og 204 hestafla og svo 3,0 lítra dísilvél, 258 hestafla. Tveggja lítra bensínvélina má einnig fá í tveimur útgáfum, 211 og 245 hestafla og þá eru AMG-útgáfurnar ótaldar, í þremur útgáfum, 367, 476 og 510 hestafla. Þær kosta samt skildinginn.

## Algjör Benz að innan

Að innan er GLC mjög smekklegur og sver sig afar skýrt í Mercedes Benz fjölskylduna, þ.e. fallegur. Það er svo sem ekki endilega þannig að þessi bíll frá Mercedes sé betri eða verri að innra útliti en sambærilegir bílar frá Audi eða BMW, það er bara annar stíll, en allir bílar frá þessum framleiðendum eru flottir að innan, enda lúxusbílar. Hvað rými varðar er ekki þörf á meira plássi fyrir framsætisfarþega og mjög vel fer um tvo að aftan en þrengjast færi um þann þriðja. Í þessum skilningi er GLC talsverð bót frá GLK forveranum. Auðvelt ætti að vera fyrir alla ökumenn bílsins að finna rétta akstursstöðu þar sem í öllum útgáfum kemur GLC með rafstýrð og fjölstillanleg sæti. Það er svo önnur saga að átta sig á staðsetningu stillitakkanna fyrir sætin, en þau eru í hurðunum og þar er einnig stillingin fyrir hitann í sætunum. Talandi um óvenjulegar staðsetningar stillitækja þá á ég alltaf erfitt með gírskiptinguna í Benz sem er á stillistöng hægra megin og bak við stýrið. Þarna er í flestum bílum stýring á rúðuþurrkum og hætt er við því að margir fálmi mikið í þessa stöng í fyrstu þegar rignir. Ég stóð sjálfan mig að slíku, en bíllinn ver sig fyrir öllum hálfvitagangi. Verðið á reynsluakstursbílnum með 211 hestafla bensínvél er 8.650.000 kr. Ódýrasta gerð hans er á 8.170.000 með 170 hestafla dísilvél og verðið teygir sig upp í 19.870.000 kr. í 510 hestafla AMG 63 útgáfunni.

Lægra lántökugjald við kaup á vistvænum bílum

**Viðskiptavinir Landsbankans** greiða ekkert lántökugjald við fjármögnun rafbíla og fá 50% afslátt af lántökugjaldi við fjármögnun bíla sem skilgreindir eru sem vistvænir. Nánari upplýsingar á landsbankinn.is/bilalan.

**50% afsláttur af lántökugjaldi við fjármögnun vistvænna bíla**

**Ekkert lántökugjald við fjármögnun rafbíla**



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

## Hyundai leiðandi í öryggismálum í bílaiðnaði

Bandaríska umferðaröryggisstofnunin IIHS tilkynnti í vikunni að bifreiðar suðurkóreska bílaframleiðandans Hyundai Motor séu einstaklega öruggar og jafnan búnar hæsta hlutfalli öryggisbúnaðar í bílaiðnaðnum. Bílar fyrirtækisins hafa hlotið flest helstu og mikilvægustu öryggisverðlaun IIHS sem nefnast „TOP SAFETY PICK+“ og „TOP SAFETY PICK“. Þetta er annað árið í röð sem IIHS gefur Hyundai þessa sömu umsögn en í ár bættust tíundu aðalverðlaunin við þegar Ioniq Plug-in Hybrid hreppti einkunnina TSP.

Enginn annar bílaframleiðandi hefur hlotið TSP+ eða TSP jafn oft og Hyundai. Til þess að uppfylla skilyrði til að hljóta þessar tvær helstu einkunnir IIHS þurfa yfirbygging og undirvagn bifreiðarinnar að fá góða einkunn fyrir gott viðnám gegn þungu höggi á ýmsa staði á bílnum, svo sem vinstri- og hægri framenda, miðjan framenda, hliðar og fleiri staði sem orðið geta fyrir miklu höggi við árekstur í umferðinni.



Kathleen Brooks ekur glóð nýuppgerðri Bjöllu sinni.

## Volkswagen gerði upp Bjöllu 73 ára konu

Kathleen Brooks frá Bandaríkjunum hefur átt 1967 árgerð af Volkswagen Bjöllu sinni samfellt í 52 ár og hefur ekið henni 725.000 kílómetra. Eins og Brooks segir, þá sér jafn mikið á Bjöllu hennar og henni sjálfri enda báðar orðnar rosknar. Brooks hafði ekki efni á að gera Bjölluna upp og sendi því bréf á Volkswagen í Bandaríkjunum og lýsti þar raunum sínum og bíls síns. Volkswagen brást við á þann hátt að sækja Bjölluna og gerði hana upp á þann hátt að hún er eins og ný og færði Brooks hana í fullkomnu standi án endurgreiðslu.

### Endursmíðuð í Puebla í Mexíkó

Bjallan var færð í verksmiðju Volkswagen í Puebla í Mexíkó, þar sem Bjallan var framleidd í óbreyttri mynd allt til ársins 2003, og þar var hún algerlega endursmíðuð. Vél bílsins var meira að segja algerlega endursmíðuð og ýmsar aðrar góðar endurbætur voru gerðar á bílnum sem ekki voru til staðar í þetta gamalli Bjöllu. Meðal annars sett í útvarp með Bluetooth tengingu, betri bílbelti, allt rafkerfi var endurnýjað, bíllinn einangraður á mun betri hátt en í frumgerðinni og yfirbygging bílsins og undirvagn gerð nánast ryðfrí. Ekki verður annað sagt en að bíllinn hafi litið stórkostlega út eftir yfirhalninguna og líklega er leit að glaðari konu en Kathleen Brooks eftir að Volkswagen færði henni aftur hennar ástkæra bíl eins og nýjan. Nú getur hún haldið áfram að bæta á 725.000 kílómetrana sem þessum fornfræga bíl hefur verið ekið. Það samsvarar ríflega 18 hringjum kringum jörðina.

# Hyundai losar sig við 17 eldri stjórnendur

**Kynslóðaskipti urðu nýlega í forstjórastól Hyundai Motor Group og með tilkomu sonarins í þessu fjölskyldurekna fyrirtæki hafa orðið mikil umskipti í stjórnendateyminu.**



Hyundai hefur gegnum tíðina talist fremur afturhaldssamt fjölskyldurekið fyrirtæki með þaulsætnum stjórnendum.

Hyundai Motor Group hefur gegnum tíðina talist fremur afturhaldssamt fjölskyldurekið fyrirtæki sem einvörðungu hefur verið skipað þaulsætnum innlendum stjórnendum. Nú kveður svo við, eftir að Eisun Chung hefur leyst af hólmi hinn 80 ára föður sinn, Mong-Koo Chung, sem forstjóri að mikil umskipti eru að verða í stjórnendateymi Hyundai. Eisun Chung losaði sig til að mynda um daginn við eina 17 eldri stjórnendur innan Hyundai Motor Group. Bílarisinn inniheldur líka framleiðandann Kia og samanlagt er þar á ferð fimmti stærsti bílaframleiðandi heims sem framleiddi alls 7,25 milljónir bíla í fyrra og stefnir að 7,55 milljóna bíla sölu í ár.

### Yngri menn og ferskari hugmyndir

Í stað þessara 17 öldruðu stjórnenda koma yngri menn og sumir þeirra alls ekki suðurkóreskir, heldur evrópskir að mestu. Með tilkomu þeirra er vonast til að með þeim fæðist ferskari hugmyndir og opnara viðhorf til breytinga. Við þessar fréttir úr herbúðum Hyundai Motor Group hækkuðu hlutabréfin um heil 9% á suðurkóreska markaðnum. Einhvern þátt í þessari hækkun hlutabréfanna á nýyfirlýst áhersla Hyundai á vetnisbíla, en þar hefur Hyundai verið leiðandi í heiminum, ásamt Toyota. Hagnaður Hyundai hefur fallið nokkuð á síðustu misserum vegna minnkandi sölu í Bandaríkjunum og í Kína og vegna kostnaðar við innkallanir bíla. Á meðal hinna 17 nýju stjórnenda eru tveir fyrrverandi stjórnendur BMW og Luc Donkerwolke sem lengi starfaði hjá Volkswagen Group en er nú orðinn yfirmaður hönnunar bæði fyrir Hyundai og Kia.

# 700 hestafla BMW til höfuðs McLaren

**Tengiltvinnbíll sem yrði afar léttbyggður og með minnst 200 hestöfl frá rafmagnsmótorum.**




Svona gæti 700 hestafla ofurbíllinn litið út.

Í herbúðum BMW er á teikniborðinu sannkallaður ofurbíll sem ætlað verður að keppa við McLaren 570S og aðrar slíkar ofurkerrur. Bíllinn mun verða tengiltvinnbíll sem verður afar léttbyggður og ógnarsnöggur. Nú þegar býður BMW öflugan i8-sportbíl sinn sem smíðaður er að miklu leyti úr koltrefjum og léttmálmum, en nýi ofurbíllinn á að vera um það bil helmingi öflugri, þ.e. um 700 hestöfl, en BMW i8 er 362 hestöfl. BMW vill ekki kalla þennan bíl arftaka i8-bílsins, enda verður hann talsvert dýrari og mun sitja ofar á stalli en allir bílar frá M-Sport deild BMW. Til samanburðar þá er tilvonandi M8-bíll BMW 620 hestöfl, en sá bíll kemur á markað á þessu ári. Samkvæmt upplýsingum frá BMW er ekki von á 700 hestafla ofurbílnum fyrr en árið 2023, eða eftir um fjögur ár.

### Öflugir rafmagnsmótorar

Búist er við því að rafmagnsmótorarnir í ofurbílnum muni skila ekki undir 200 hestöflum og munu bætast við öfluga bensínvél. Rafmagnsmótorarnir í BMW i8 nú skila rétt undir 100 hestöflum. Búast má við því að verðið á 700 hestafla bílnum muni liggja á milli 114.000 punda verðsins á BMW i8 og 150.000 punda verðmiðans á McLaren 570S. BMW ætlar ekki að framleiða þennan bíl í miklu magni, heldur halda framleiðslu hans niðri til að tryggja söfnunargildi hans. Klaus Fröhlich, þróunarstjóri BMW, segir að á endanum verði líklega allir M-bílar BMW rafmagnsbílar, en í millitíðinni verði þeir að mestum hluta tengiltvinnbílar eins og þessi fyrirhugaði bíll.




**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**

**VOLKSWAGEN TIGUAN ALLSPACE**

- **2,0 LÍTRA DÍSILVÉL**
- **150 HESTÖFL**
- **FJÓRHJÓLADRIF**

**Eyðsla frá:** 5,6 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 146 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 9,9 í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 199 km/klst.
**Verð frá:** 6.750.000 m.kr.
**Umboð:** Hekla

Kostir:
- **Rými**
- **Vélar**
- **Aksturseiginleikar**
- **Búnaður**

Gallar:
- **Hátt verð á dýrari útfærslum**

# Fyrir stóru fjölskylduna

## Tiguan Allspace er lengri gerð þessa vinsæla jepplings með sæti fyrir 7, en í grunninn alveg eins og hefðbundinn Tiguan. Afar vel búinn, með fína aksturseiginleika og allt að 1.775 lítra flutningsrými.

**Reynsluakstur**
**Finnur Thorlacius**
finnurth@frettabladid.is



Volkswagen Tiguan hefur verið meðal allra vinsælustu bíla í Evrópu á síðustu árum og seldist í yfir 250.000 eintökum í álfunni í fyrra og er í heildina þriðji söluhæsti bíll Volkswagen. Ekki skaðaði það söluna á Tiguan að í enda ársins 2017 kom á markað lengri gerð bílsins með þremur sætaröðum og pláss fyrir 7 farþega. Þessi gerð bílsins fékk nafnið Tiguan Allspace, enda er í honum talsvert aukið pláss. Bíllinn er 21,5 cm lengri en grunngerð Tiguan og það nýtist eingöngu fyrir aftan miðröðina og fyrir vikið er þar pláss fyrir þriðju sætaröðina. Í þessari þriðju sætaröð má koma fyrir tveimur viðbótarfarþegum, en vissara er að þeir séu ekki hávaxnir. Sannast sagna eru sætin þar eingöngu fyrir börn og unglinga, en þar sem þessi gerð Tiguan er einmitt hugsuð fyrir stórar fjölskyldur kemur það líklega sjaldan að sök. Auk þess er gott að hugsa til þess að með öftustu sætaröðina niðri er farangurspláss bílsins heilir 700 lítrar, en aðeins 230 með hana uppi. Með báðar sætaraðirnar niðurfelldar er þessi bíll með fáránlega mikið flutningspláss, eða 1.775 lítra. Tiguan Allspace er að ytra útliti eins og grunngerðin, fyrir utan lenginguna á aftasta hluta bílsins og léttvæga útlitsbreytingu framan á bílnum sem greinir hann frá grunngerðinni.

### Þrír vélarkostir og allir 2,0 lítra

Hekla býður Tiguan Allspace með þremur vélarkostum, öllum með 2,0 lítra vél og má fá dísilgerðina í 150 og 190 hestafla útfærslum og 190 hestafla bensínvél. Allar eru þessar vélar tengdar við 7 gíra DGS sjálfskiptinguna sem ávallt virkar frábærlega. Reynsluakstursbíllinn var með aflminni dísilvélinni sem þó dugar þessum allstóra bíl vel. Volkswagen gefur upp 5,6 lítra eyðslu í blönduðum akstri með þessari vél og það reyndist sem fyrr ördugt að ná fram slíkri smáeyðslu en hún olli samt ekki vonbrigðum því oftast stóð eyðslutalan í 6-7 lítrum sem er vel viðunandi. Bíllinn telst seint mjög öflugur með þessari vél en samt sæmilega sprækur og klárar sprettinn í hundrað á 9,9 sek. Með öflugri dísilvélinni er bíllinn öllu sprækari og skemmtilegri akstursbíll en fyrir það þarf að borga ríflega fjögur hundruð þúsund krónum meira. Aksturseiginleikar bílsins eru hreint með ágætum þó hann slái ekkert út samkeppnisbílinn Skoda Kodiaq með aukasætaröð. Undirvagninn virðist þó frábærlega stilltur og bíllinn étur ójöfnur af bestu lyst og hægt er að taka beygjurnar hratt án mikils hliðarhalla. Góður akstursbíll sem endranær frá Volkswagen.

### Trendline, Comfortline og R-Line

Að innan er Tiguan Allspace algerlega eins í útliti og hefðbundinn Tiguan og bara býsna laglegur, enda innréttingar Volkswagen bíla yfirleitt til fyrirmyndar. Eins og vanalega hjá Volkswagen er hægt að velja um misveglega innréttingu í Tiguan Allspace. Ódýrasta útfærslan nefnist Trendline, þá Comfortline og sú dýrasta R-Line. Ýmislegt góðgæti fylgir Comfortline umfram Trendline, þó svo hann sé fyllilega nógu vel búinn í grunngerðinni. Þar má nefna bakkmyndavél, bílastæðaaðstoð, fjarlægðartengdan hraðastilli, neyðarhemlun og árekstrarvörn, LED aðal- og dagljós, sjálfvirka geislastýringu aðalljósa, hita í stýri, lyklalaust aðgengi og 18 tommu álfelgur. Þarna er bara fátt nefnt af viðbótinni og enn bætist við með R-Line, eða 18 tommu felgur, leðurklædd sæti, rafdrifin framsæti, 9,2 tommu snertiskjár, íslenskt leiðsögukerfi, stafrænt mælaborð, þráðlaus farsímahleðsla, snertilaus opnun afturhlera og fleira og fleira.




**Hekla býður Tiguan Allspace með þremur vélarkostum, öllum með 2,0 lítra vél og má fá dísilgerðina í 150 og 190 hestafla útfærslum og 190 hestafla bensínvél.**









**Að innan er Tiguan Allspace algerlega eins í útliti og hefðbundinn Tiguan og bara býsna laglegur.**

### Mikið verðbil eftir búnaði

Eðlilega munar nokkuð á verði á þessum útfærslum, en ódýrasta Trendline-gerðin er á 6.750.000 kr. og þá með 150 hestafla dísilvélinni. Með öflugri dísilvélinni í Comfortline-útfærslu kostar hann 8.090.000 kr. og 9.090.000 kr. Með 190 hestafla bensínvélinni í Comfortline-útfærslu er verðið 7.290.000 kr. og 8.290.000 kr. í R-Line. Það er því hægt að hækka verðið hratt og gera bílinn 2,3 milljónum dýrari en í ódýrustu útfærslu, en fyrir það fæst ansi mikið góðgæti. Og nota bene, líka meira afl. Í sinni dýrustu útfærslu er verðið komið yfir ódýrustu útfærslu VW Touareg jeppans og það með 230 hestafla dísilvél, en hann kostar 8.590.000 kr. Víst er að sumir myndu frekar velja slíkan kost. Líklega eru því bestu kaupin í grunnútfærslu bílsins, eins og svo oft á við. Aukahlutir hækka oft verðið hratt og spyrja má sig iðulega hvort þeir séu þess virði.




SSANGYONG

ssangyong.benni.is.

**Reykjavík**
Krókháls 9
Sími: 590 2020

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Bílaríki, Akureyri**
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# BÍLAR

## Rússar vilja smíða 840 hestafla rafmagns-Mustang

Rússneska fyrirtækið Aviar hefur greint frá áhuga sínum á að smíða rafmagnsbíl með útliti 1967 árgerðar af Ford Mustang sportbílnum. Hann á að vera með 100 kWh rafhlöðum, tveimur rafmagnsmótorum á sitthvorum öxli og senda 840 hestöfl ofan í malbikið. Þessi bíll á að vera aðeins 2,2 sekúndur í hundraðið og til að hemja bílinn á allt að 250 km hraða mun rísa spoiler


1967 árgerðin af Ford Mustang.

að aftan við ákveðinn hraða til að tryggja rásfestu bílsins. Stórar rafhlöður bílsins munu tryggja 500 km drægi.

Bíllinn á að vera með hækkanlega loftpúðafjöðrun sem leyfir 7,5 cm hækkun á bílnum. Að innan verður risastór aðgerðaskjár fyrir miðju, alveg eins og í Tesla-bílum og hurðaopnanir eru líka eins og í Tesla-bílum, þ.e. innfelldar. Mörgum þykir afar hæpið að af smíði þessa bíls verði, ekki síst í ljósi þess að þarna fer fyrirtæki sem aldrei hefur smíðað bíl áður. Enn fremur þykir 1967 árgerðin af Mustang ekki heppilegt form á bíl til að kljúfa loftið vel fyrir nútíma rafmagnsbíl. En allt fyrir nostalgíuna og vonandi verður af smíði þessa afar óvenjulega bíls. Ekki hefur verið gefið upp af Aviar hvað undrabíllinn muni kosta, en líklega talsverðan skilding.


Volkswagen Arteon.

## Volkswagen Arteon fær 268 hestafla vél

Stærsti fólksbíll Volkswagen, Arteon, mun fá enn öflugri 2,0 lítra forþjöppudrifna bensínvél sem skilar 268 hestöflum og gerir þessum bíl kleift að ná 100 km hraða á aðeins 5,6 sekúndum. Þessi vél verður samt fremur umhverfisvæn og mengar 160 g/km af $CO_2$ og eyðslan er aðeins 5,8 lítrar á hverja 100 km. Hægt verður að fá VW Arteon með fjórhjóladrifi og mun innanrými bílsins ekki minnka við þá tilhögun og er skottrýmið til dæmis áfram 563 lítrar og aftursætispláss mun heldur ekki minnka. Arteon kemur á gullfallegum 18 tommu álfelgum, skartar 12,3 tommu aðgerðaskjá, er með skriðstilli sem heldur fjarlægð frá næsta bíl og aðalljós sem aðlaga sig að umferðinni á móti. Volkswagen Arteon er arftaki Volkswagen CC bílsins sem ekki er lengur framleiddur.



Fjórðungur 12 strokka Cosworth-vélarinnar í Aston Martin Valkyrie er grænn að lit.

## Cosworth smíðaði 250 hestafla þriggja strokka vél

Breski vélasmiðurinn Cosworth smíðaði þriggja strokka vél sem skilar heilum 250 hestöflum án forþjöppu. Þessi vél er reyndar aðeins fjórðungurinn af þeirri 1.000 hestafla vél sem fer í Aston Martin Valkyrie bílinn og smíðin var einmitt ætluð til þess. Cosworth segir að það taki a.m.k. ár að þróa nýja 12 strokka vél og því hafi fyrirtækið tekið upp á því að smíða aðeins fjórðung hennar til prófana, sem

> **Þessi vél er reyndar aðeins fjórðungurinn af þeirri 1.000 hestafla vél sem fer í Aston Martin Valkyrie bílinn og smíðin var einmitt ætluð til þess.**

aðeins tóku 5 mánuði. Því sparaði Cosworth heila 7 mánuði í þróun vélarinnar, en hefur nú sett saman þessa 12 strokka vél sem byggir á fjórum þriggja strokka vélum. Vélin stenst nýjustu mengunarkröfur og það var grunnforsendan fyrir smíðinni. Til samanburðar þá hefur Ford tekist að smíða þriggja strokka vél í Ford Fiesta ST bíl sinn sem skilar 197 hestöflum, en sú vél styðst við forþjöppu. Hún er samt 53 hestöflum aflminni en Cosworth-vélin án forþjöppu.



# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki


BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



M.BENZ Vito 116 diesel. 12/ 2014, ekinn 65 Þ.KM, diesel, sjálfsk. Kæliflutningsrými,heithúun í gólfi,sumar og vetrardekk Verð 3.990.000. + VSK.Rnr.288730.



TOYOTA Land cruiser 150 VX 3.0 diesel. 6/2014, ekinn 97 Þ.KM,sumar og vetrardekk dráttarbeisli og m/ fleira sjálfskiptur 5 gírar. Verð 6.890.000. ath. skipti ód.Rnr.280212.



TOYOTA Hilux VX D/C invincible. 4/2018, ekinn 11 Þ.KM, diesel, sjálfskiptur 6 gírar, m/pallhúsi mikið af aukabúnaði Ásett verð. 8.350.000. ath. skipti ód. Rnr.152417.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

STÓRA BÍLASALAN






Skoda Octavia 1.6 Dísel beinskiptur. Árgerð 2014. Ekinn aðeins 52.000km. Tilboðsverð 1.790.þ.kr. Raðnr. 136611.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

BÍLA GALLERÍ



**PLUG IN HYBRID**
BMW 530e Plug in hybrid, M sport ! Shadow line ! Árgerð 2018, ekinn aðeins 7 Þ.km, bensín og rafmagns, Sjálfsk, Leður, 19" M felgur, ofl ofl ! Tilboðsverð 6.990þ. Sjá Raðnr.102515. á www.bilagalleri.is



**PLUG IN HYBRID 4X4**
BMW 225 XE 4WD Plug in hybrid bensín og rafmagn ! M sport, Shadow line. Árgerð 2018, ekinn aðeins 4 Þ.km, Sjálfskiptur,Leður, 18" M felgur ofl. Tilboðs verð 4.990þ Sjá Raðnr.102514. á www. bilagalleri.is

**Bílagallerí bílasala**
**Sími: 663-2430**
**www.bilagalleri.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bílauppboð.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**


### Bílar til sölu



**OPEL ASTRA.**
Opel Astra árg.2000, sparibaukur til sölu, 1200 vél,ekinn 267 þús. með tímakeðju. Fæst á 85 þús. Uppl. s:855-4501




Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 9 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

**Góða þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.**

**Silfri ehf | S. 894 9690 | silfriehf.is**


## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**HÚSASMIÐIR GETA BÆTT VIÐ SIG VERKEFNUM.**
Uppsteypu, Sökklar, Nýbyggingar. Byggingarstjórn.
**Upplýsingar sendist á nybyggd@gmail.com og s. 8935374**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

Spái í spil,tek fólk heim. Tímapantanir. S. 891 8727. Stella. Geymið auglýsinguna

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu 110 m2 4ja herb. íbúð á 1. hæð í Breiðholti.Leigist fjölskyldu. Leiguverð 220 þús án rafmagn. Upplýsingar í síma:775-1231.

### Atvinnuhúsnæði

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**
Laust 55 fm verslunarhúsnæði í Portinu Nýbýlavegi 8.

Laust allt að 700 fm verslunarhúsnæði að Nýbýlavegi 6.

Laust 140-280 fm atvinnuhúsnæði að Auðbrekku 3.

**Nánar uppl. gretar@lundurfasteignir.is**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

**BAKARÍ**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti.
Vinnutími frá kl. 12:00 -17:30 og annanhvern laugardag.
Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**





**Íbúð á 10. hæð**

Björt og skemmtileg 125,4 fm
4ra herbergja íbúð með mögnuðu útsýni
Bílastæði í bílakjallara
og stórar svalir með glerlokun
Íbúðin getur verið laus strax



Nánari upplýsingar veitir:
**Svan G. Guðlaugsson,** lögg. fasteignasali
svan@miklaborg.is **sími:** 697 9300

Verð :
**62,0 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


Fljótsdalshreppur

## Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps auglýsir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030, skv 1.mgr.36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting felst í að skilgreind eru 4 ný efnistökusvæði vegna framkvæmda við Kröflulínu 3, efnistökusvæðin eru við eða í nágrenni við línuleiðina. Áætlað efnismagn úr námum er frá 7.000- 30.000 m3. Kröflulína 3 er skilgreind í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps. Þau svæði sem skipulagsbreytingin tekur til eru óbyggð og ofan 500m.y.s.

Tillagan sem inniheldur umhverfisskýrslu er aðgengileg á heimasíðu Fljótsdalshrepps **www.fljotsdalur.is**, og liggur frammi á skrifstofu Fljótsdalshrepps í Végarði, og hjá Skipulagsstofnun, frá og með miðvikudeginum 9. janúar nk. til miðvikudagsins 20. febrúar 2019.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að að skila inn skriflegum athugasemdum. Athugasemdafrestur rennur út þann **21. febrúar** n.k. Athugasemdir berist í tölvupósti á netfangið fljotsdals-hreppur@fljotsdalur.is, eða í bréfpósti til Fljótsdalshrepps , Végarði ,701 Egilsstaðir.

***Oddviti Fljótsdalshrepps***





GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

job.is


Loftviftur
Dreifðu varmanum
Westinghouse
Rakatæki
Tilboð frá kr 14.990
Þurrktæki
Er rakastigið of hátt?
Tilboð frá kr 39.990
Hljóðlátar viftur
Fyrir heimili og hótel
Hljóðlátur
100 mm
Þakblásarar
Handþurrkari
-Öflugir á baðið
Tilboð kr 19.990
Blikktengi
Rör, beygjur og samsetningar
íshúsið
viftur.is
-andaðu léttar
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur


DÆMI UM ÚRVALIÐ:
5.680 þús. ÁÐUR 6.490 þús.
Ranger Rover Evoque SE 4x4 árg 2017
Sjálfskiptur, Disel, stærri vélin ekinn 29 þús.
2.290 þús. stgr. ÁÐUR 2.890 þús.
Skoda Octavia 4x4 árg 2014
Beinskiptur, 4x4 1,6 Disel, ekinn 87 þús. Ný heilsársdekk fylgja
TILBOÐS BÍLAR
TILBOÐ Á VÖLDUM BÍLUM Í JANÚAR
1.790 þús. stgr. ÁÐUR 2.390 þús.
Skoda Octavia árg 2014
Beinskiptur, 1,6 Disel, ekinn 52 þús. Ný heilsársdekk fylgja
2.990 þús. ÁÐUR 3.490 þús.
Nissan Qashqai Tekna árg 2015
Sjálfskiptur, Disel, ekinn 51 þús.
2.990 þús. stgr. ÁÐUR 3.580 þús.
Kia Sorento árg 2013
Sjálfskiptur, Dísel, 4x4, ekinn 119 þús.
586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík
kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15
2017-2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan
STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!


GRAL KYNNIR
SVARTLYNG
ÞT. Mbl.
SJ. Frbl.
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR
17. janúar kl. 20:00
19. janúar kl. 20:00
25. janúar kl. 20:00
2. febrúar kl. 20:00
9. febrúar kl. 20:00
15. febrúar kl. 20:00
17. febrúar kl. 20:00
miðasala á tix.is
„Rammpólitískt ádeiluverk sem virkar“
ÞT. Mbl.
„Fariði bara í leikhús... og sjáið þetta“
HA. RÚV Menning
TJARNARBÍÓ
SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR
eftir Guðmund Brynjólfsson

## Merkisatburðir

**1972** Melrakkaey í Grundarfirði er friðlýst.

**1973** Réttarhöld í Watergate-málinu hefjast.

**1977** Sovétríkin skjóta upp geimfarinu Luna 21.

**1982** Kuldamet er slegið í Danmörku þegar frostið mælist 31,2 gráður.

**1985** Reykingabann tekur gildi á Rauða torginu í Moskvu.



**1992 George H.W. Bush** Bandaríkjaforseti verður alvarlega veikur í kvöldverði í Japan, kastar upp í kjöltu Kiichi Miyazawa forsætisráðherra og fellur svo í yfirlið.

**1993** Braer-stormurinn gengur yfir Norður-Atlantshaf. Olíuflutningaskipið Braer brotnar í tvennt og yfir 80.000 tonn af olíu leka út í sjó.

**1996** 300 manns farast þegar flutningaþota hrapar á markað í Kinsasa í Saír.

**2008** Á aðeins þremur viðskiptadögum falla íslensk hlutabréf um 10,53%. Bréf Exista og **SPRON** hvað mest.




# Fyrsti kafli tónverksins táknar eðlilegt hitastig

**2° eða Tvær gráður nefnist nýtt orgelverk sem organistinn Kristján Hrannar Pálsson er að semja um loftslagsbreytingarnar. Hann var meðal þeirra ellefu sem hlutu styrki úr Tónmenntasjóði kirkjunnar síðasta sunnudag við hátíðlega athöfn í Háteigskirkju.**

Í rauninni ættu loftslagsmálin að vera aðaláhugamál allra. Mér finnst of lítið um það að list endurspegli mestu hættu okkar tíma sem er hlýnun jarðar. Pönkhljómsveitir sungu um kjarnorkuvána og ég skil ekki hvers vegna svona fáir syngja um stærstu umhverfisksatastrófu sögunnar,“ segir Kristján Hrannar Pálsson organisti. Hann var meðal þeirra ellefu sem tóku við styrkjum úr Tónmenntasjóði kirkjunnar um helgina við hátíðlega athöfn í Háteigskirkju. Styrkinn fær hann fyrir orgelverk sem hann er að semja um loftslagsbreytingarnar. Hvað skyldi einkenna slíka tónsmíð?

„Verkið byggist á 20 stuttum köflum sem mynda eina heild. Sá fyrsti heitir 0,0 gráða, og táknar eðlilegt hitastig, annar +0,1 gráða, þriðji +0,2 gráður og þannig fram eftir götunum þar til komið er í +2,0 gráður. Það byrjar mjög rólega en með hverjum kafla eykst hraðinn og ég ætla að enda það í brjálæði og látum. Lokakaflinn táknar nefnilega hitann sem talinn er marka skilin þar sem ekki verður aftur snúið.“

Spurður hvort hann hafi fengið háa fjárhæð úr Tónmenntasjóðnum svarar Kristján Hrannar: „Þetta er ekki fjármögnun heldur styrkur til að ég geti einbeitt mér dálítið að þessu verkefni og þurfi kannski ekki að spila út um hvippinn og hvappinn til að eiga fyrir salti í grautinn á meðan.“ Þó verkið sé enn í vinnslu hefur hann verið að spila kafla og kafla, nú síðast á Akureyri um helgina í Akureyrarkirkju. „Ég hef líka spilað hluta úr því í Langholtskirkju og einnig í Hallgrímskirkju, á stóra Klais-orgelið.“

Kristján Hrannar, sem starfar sem organisti hjá Óháða söfnuðinum og stofnaði Óháða kórinn í mars á seinasta ári, hefur gegnum tíðina komið víða við í poppi, þjóðlaga- og raftónlist sem söngvari og laga- og textahöfundur. Hann hefur áður gert tvær plötur með píanótónlist um loftslagsþemað, Arctic Take One og Sea Take One sem báðar eru aðgengilegar á Spotify. Þar spann hann lögin beint á plöturnar og hvert þeirra heitir eftir borgum og bæjum á norðurslóðum sem hafa orðið fyrir barðinu á loftslagsbreytingum. Hann hélt líka erindi á Arctic Circle 2016 um tónlist og loftslagsbreytingar og um það hvernig listamenn geta haft áhrif á hið pólitíska landslag. **gun@frettabladid.is**




**Kristján ánægður með styrkinn sem hann segir hjálpa sér að eiga fyrir salti í grautinn.**

> **Pönkhljómsveitir sungu um kjarnorkuvána og ég skil ekki hvers vegna svona fáir syngja um stærstu umhverfiskatastrófu sögunnar.**

ÞETTA GERÐIST: 8. JANÚAR 1965

## Fyrsta konan kjörin íþróttamaður ársins

Sigríður Sigurðardóttir handknattleikskona úr Val var kjörin íþróttamaður ársins þennan mánaðardag árið 1965, fyrst íslenskra kvenna. Þetta er sæmdarheiti sem íþróttafréttamenn fjölmiðlanna veita og Sigríður var efst á blaði allra fréttamannanna sem að kjörinu stóðu enda þótti hún einstök afrekskona.

Sigríður hafði verið fyrirliði íslenska landsliðsins sem sigraði sumarið áður á Norðurlandamóti kvenna í útihandknattleik. Það var vel gert af ungu liði sem ekki hafði leikið landsleik í fjögur ár. Það náði jafntefli við Dani og sigraði Svía. Síðast en ekki síst vann íslenska liðið Noreg í æsispennandi leik. Það var besti leikur liðsins í mótinu og jafnframt sá erfiðasti ef marka má orð Sigríðar sjálfrar í viðtali í Þjóðviljanum.

Konur þurftu svo að bíða í 27 ár eftir að næsta kynsystir þeirra fengi þessa nafnbót þegar Ragnheiður Runólfsdóttir sundkona var kjörin íþróttamaður ársins árið 1991.





ATHÖFN ÚTFARAÞJÓNUSTA - s: 551 7080 & 691 0919
athofn@athofn.is - www.athofn.is

Nærgætni, hlýja og virðing · Við andlát ástvinar




ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta
& lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar og afi,

**Baldur Eyþórsson**
verkfræðingur,
Espigerði 4, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans að morgni nýársdags. Útförin fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn 10. janúar klukkan 13.00.

**Jóhanna Hlíf Stefánsdóttir**
**börn og barnabörn.**



✝

Elsku bróðir okkar, frændi og vinur,

**Zophonías Pálmason**
Hnausum 2,

lést laugardaginn 29. desember 2018.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Jón Pálmason**
**Ellert Pálmason og fjölskylda**
**Sigríður Rut Gunnarsdóttir og fjölskylda**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg Flygenring**
Hringbraut 67, Hafnarfirði,

sem lést 27. desember, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 9. janúar kl. 13.00.

**Ingólfur Flygenring**
**Magnús Flygenring** **Hildur Guðfinnsdóttir**
**Þóra Flygenring** **Sigurður Arnórsson**
**Unnur Flygenring** **Gunnlaugur Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Bentína Haraldsdóttir**
Gullsmára 7, Kópavogi – áður Lautasmára 47,

andaðist á aðfangadag, 24. desember, á Landspítalanum í Fossvogi. Bálför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Trausti Þór Stefánsson**
**Elva Dís Hekla Stefánsdóttir** **Rósmundur Sævarsson**
**Róbert Leó Magnússon Owen**
**Sylvía Rún Rósmundsdóttir**
**Sævar Örn Rósmundsson**
**Guðjón Darri Rósmundsson**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Alda Þorgrímsdóttir**
Brekkugötu 38, Akureyri,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akureyri aðfaranótt föstudagsins 4. janúar.

**Ómar Garðarsson** **Rannveig Benediktsdóttir**
**Smári Garðarsson**
**Páll Garðarsson** **Sigurður Ö. Guðbjörnsson**
**Eydís Garðarsdóttir** **Bjarni Einarsson**
**Viðar Garðarsson** **Sigríður Á. Viðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur vináttu, stuðning og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdasonar, tengdaföður og afa,

**Valtýs E. Valtýssonar**
Grenibyggð 22, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á blóðlækningadeild Landspítalans við Hringbraut fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Björk Einisdóttir**
**Jónas Valtýsson** **Erla María Árnadóttir**
**Helena Björk Valtýsdóttir** **Guðni Þór Björgvinsson**
**Marsibil Katrín Guðmundsdóttir**
**barnaböm.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Árni Einarsson**
kaupmaður,
Hjarðarhaga 32, Reykjavík,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi 3. janúar. Útför hans fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 11. janúar klukkan 15.

**Ásgeir Heiðar** **Oddný Eiríksdóttir**
**Inga Árnadóttir** **Sigurður Pálmason**
**Dania Árnadóttir**
**Bryndís Árnadóttir**
**Danfríður Árnadóttir** **Halldór Ólafsson**
**Margrét Lillý Árnadóttir** **Ásgeir Ásgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ingibjörg Þorsteinsdóttir**
frá Blikalóni á Melrakkasléttu,

sem lést 31. desember, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 10. janúar kl. 13.00.

**Eiríkur Jóhannsson** **Sigríður Helga Olgeirsdóttir**
**Margrét Jóhannsdóttir** **Pálmi Jónsson**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,

**Sigurður Símon Sigurðsson**
Fossheiði 15, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands fimmtudaginn 27. desember. Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 8. janúar kl. 14.00.

**Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Guðrún Halldóra Sigurðardóttir**
**Laufey Soffía Þórsdóttir**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórir Finnur Helgason**
húsasmíðameistari,
Iðalind 3, Kópavogi,

lést á Landspítala í Fossvogi föstudaginn 4. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Vigdís Björnsdóttir**
**Ingibjörg Halla Þórisdóttir** **Bárður Sveinbjörnsson**
**Helgi Þórisson** **Sigríður Pálsdóttir**
**Björn Þórisson** **Kristín Garðarsdóttir**



Móðir okkar,

**Laufey Guðmundsdóttir**
Egilsstaðakoti,

lést laugardaginn 5. janúar síðastliðinn á Sólvöllum, Eyrarbakka. Jarðarför auglýst síðar.

**Systkinin**
**Helga Elín, Sigurbjörg, Guðsteinn Frosti og Einar**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Guðni Ingimundarson**
heiðursborgari Garðs,
(Guðni á trukknum)
frá Garðstöðum í Garði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 16. desember sl. Jarðarförin fer fram frá Útskálakirkju þriðjudaginn 8. janúar kl. 15.00. Útsending verður frá athöfninni í Miðgarði, sal Gerðaskóla.

**Sigurjóna Guðnadóttir** **Ásgeir M. Hjálmarsson**
**Ingimundur Þórmar Guðnason** **Drífa Björnsdóttir**
**Árni Guðnason** **Hólmfríður I. Magnúsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, vináttu og umhyggju við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Steinunnar Sigríðar Jónasdóttur**
Skarðshlíð 30a, Akureyri,

sem lést þann 16. desember 2018 og var jarðsungin þann 3. janúar 2019 frá Akureyrarkirkju. Sérstakar þakkir færum við stúlkunum í Heimaþjónustunni, Heimahjúkrun og starfsfólki á dvalarheimilinu Hlíð fyrir þá umhyggju og nærgætni sem þau sýndu.

**Jóhann Svan Brynjarsson**
**Fanný María Brynjarsdóttir** **Birgir Rúnar Davíðsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Ingveldur Ingólfsdóttir**
Engjavegi 30,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 17. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Þökkum innilega samúð og hlýhug.

**Ásgeir Sigurðsson**
**Anna Ásgeirsdóttir** **Chris Newman**
**Sigurður Ingi Ásgeirsson** **Guðrún Sigurðardóttir**
**Kristrún Ásgeirsdóttir** **Sigurður Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**Magnús Svavar Magnússon**
Vættaborgum 4, Reykjavík,

lést á líknardeild LSH í faðmi fjölskyldu sinnar þann 2. janúar síðastliðinn. Útför fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 11. janúar kl. 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Magnúsar er bent á minningarsjóð Ásgeirs H. Einarssonar (Kiwanisklúbburinn Eldey).

**Hafdís Magnúsdóttir**
**Elsa Annette Magnúsdóttir**
**Elín Viola Magnúsdóttir**
**Ragnar Ingi Magnússon** **Fatou N'dure Baboudóttir**
**Helga Bryndís Kristjánsdóttir** **Jóhannes Kristjánsson**
**barnabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður E. Guðmundsson**
M.A., fv. framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins,
Raufarseli 11, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut hinn 6. janúar 2019. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðrún Helga Sigurðardóttir** **Friðrik Friðriksson**
**Benedikt Sigurðsson**
**Kjartan Emil Sigurðsson**
**Aldís Eva Friðriksdóttir**
**Dagur Páll Friðriksson**
**Emelía Rut Viðarsdóttir**



Eiginmaður minn og faðir okkar,

**Sigurður Björnsson**
læknir,
Markarvegi 2, Reykjavík,

sem lést 29. desember verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 10. janúar kl. 15. Blóm og kransar afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar.

**Ásdís Magnúsdóttir**
**Björn Darri Sigurðsson**
**Magnús Harri Sigurðsson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Nína Sæunn Sveinsdóttir**
kennari,
Hraunbraut 14, Kópavogi,

sem andaðist á líknardeild Landspítalans 28. desember verður jarðsungin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 9. janúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarsjóð Kristins og Rannveigar, rnr. 0130-05-578537, kt. 630807-1070, til stuðnings nemendum Menntaskólans að Laugarvatni „sem sýnt hafa frábæran dugnað, hæfileika og ástundun í námi".

**Ari Ólafur Arnórsson**
**Kjartan Arnórsson** **Traci Klein**
**Auðunn Arnórsson** **Margrét Sveinbjörnsdóttir**
**Hrafn Arnórsson**
**Þóra Arnórsdóttir** **Svavar Halldórsson**
**Arnkell, Sæunn Una, Oddur, Halldór Narfi, Nína Sólveig og Ásdís Hulda.**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Vaxandi suðaustanátt, 13-20 m/s og rigning síðdegis, hvassast á Snæfellsnesi, en hægara og úrkomulaust að kalla N- og A-lands. Hlýnandi veður, hiti 1 til 8 stig undir kvöld, hlýjast syðst.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 7° | 8° |
| ↗8 | ↗14 | ↑8 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 7° | 5° | 3° |
| ↗7 | ↑1 | ↑17 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -1° | 4° |
| →4 | →9 | ↗7 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 2° | -1° |
| ↑4 | →7 | →3 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 4 | | 1 | | 6 |
| | | 7 | | 3 | 8 | 9 | 5 | |
| | | 5 | | 7 | | | | |
| | | | | 9 | | 5 | | |
| 8 | 9 | | | 6 | | 2 | 1 | |
| | | | | | 4 | 3 | | 7 |
| 6 | | 4 | | 5 | | 8 | | |
| 7 | | 1 | | | | 6 | 4 | |
| 3 | 8 | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 4 | 7 | | | 8 |
| | 1 | | | | | | 9 | |
| 8 | | | | 1 | 2 | | 3 | |
| 4 | 8 | | | 3 | | 5 | | |
| | | 2 | 4 | | | | | |
| 3 | 9 | | 2 | | 8 | 7 | | |
| | | 1 | | 8 | | | | 6 |
| 5 | 7 | | 6 | | | | | |
| 6 | | | | 2 | 3 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | 9 | | |
| 3 | 4 | 5 | | | 6 | | 8 | |
| 6 | 7 | | | | | 2 | | |
| | | | | 5 | | 3 | | |
| | 6 | 2 | 3 | | | | 4 | |
| 9 | 1 | | | | 8 | | 2 | |
| | | | 8 | | | 1 | | |
| | | 6 | 1 | | | | | |
| 8 | | | | 3 | | | 7 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. skrapa
5. for
6. íþróttafélag
8. skríkja
10. átt
11. kosning
12. fjall
13. grastegund
15. hrjóstrugur
17. upphefð

**LÓÐRÉTT**
1. rotþró
2. gola
3. kk nafn
4. afhending
7. harðindi
9. eiðfesta
12. áður
14. bókstafur
16. hljóm

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. skafa, 5. aur, 6. fh, 8. flissa, 10. na, 11. val, 12. fell, 13. reyr, 15. ófrjór, 17. frami.
**LÓÐRÉTT:** 1. safnþró, 2. kula, 3. ari, 4. afsal, 7. hallæri, 9. sverja, 12. fyrr, 14. eff, 16. óm.

## Skák Gunnar Björnsson

Dagur Ragnarsson (2.327) átti leik gegn Mike Ivanov (2.251) í lokaumferð alþjóðlega mótsins í Montreal í fyrradag.

**55. Kc2! 1-0.** Framhaldið hefði getað orðið **55. … He1 56. Hxh5 Hxe7 57. Hxh6+ Kg8 58. Rxd4** með auðunnu tafli. Dagur hlaut 6½ vinning í 9 skákum og krækti sér í annan áfanga að alþjóðlegum meistaratitli.

**www.skak.is:** Skákhátíð MótX hefst í kvöld.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 8 | 5 | 7 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 4 | 5 | 3 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 9 | 8 | 3 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 3 | 8 |
| 5 | 3 | 7 | 9 | 8 | 2 | 4 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 6 | 2 | 3 |
| 1 | 6 | 4 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 7 | 6 | 2 |
| 5 | 2 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 7 | 1 |
| 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 3 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 |
| 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 9 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 3 | 4 | 9 | 2 | 8 |
| 3 | 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 | 7 |
| 2 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 | 1 | 4 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 4 | 1 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 6 | 5 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 6 | 1 | 8 | 7 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 8. JANÚAR 2019

### Tónlist

**Hvað?** Íslensk lög og þekktir djassstandardar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tónlistarskóli Garðabæjar
Tónleikaröðin Þriðjudagsklassík í Garðabæ er að hefja sjötta starfsár sitt. Þrennir tónleikar verða haldnir frá janúar til mars, annan þriðjudag hvers mánaðar. Að þessu sinni er Þriðjudagsklassík í samstarfi við KÍTÓN, félag kvenna í tónlist, og er gaman að geta þess að allir tónlistarflytjendur að þessu sinni eru virkir félagsmenn í KÍTÓN.

### Viðburðir

**Hvað?** Milonga (tangóball)
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Iðnó, Vonarstræti
Argentínskur tangó dunar í Iðnó, DJ Daði heldur uppi stuðinu með gullaldartangótónlist í bland við nýja. Njótum þess að dansa með hækkandi sól í yndislegu umhverfi. Allir velkomnir og ekki þarf að mæta með dansfélaga. Aðgangseyrir er kr. 1.000 en frítt fyrir 30 ára og yngri.

**Hvað?** Fjármál við starfslok
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Íslandsbanki, Hagasmára
Opinn hádegisfundur um það sem mikilvægast er að hafa á hreinu við undirbúning starfsloka. Meðal þess sem rætt verður um er: skerðingar og greiðslur Tryggingastofnunar, hvenær og hvernig er best að taka út lífeyri og séreign? Hvað þarf að hafa í huga varðandi skatta? Hver eru algengustu mistökin sem gerð eru við starfslok? Erindi heldur Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri Íslandsbanka.

**Hvað?** Gettu betur // MH - FMOS
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** RÚV
Gettu betur keyrir af stað og HM keppir við FMOS. Takmarkað pláss í sal.

**Hvað?** Fyrsti leikur á nýju ári: Haukar - Fram
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Ásvellir, Hafnarfirði
Það er komið að fyrsta leik ársins í Olísdeild kvenna en þá mæta Framstúlkur í Schenkerhöllina í kvöld kl. 19.30. Leikurinn er sá fyrsti á nýju ári og fyrsti leikur liðanna í tæpa tvo mánuði eftir landsliðs- og jólafrí og liðin mæta því handboltaþyrst í leikinn. Fyrir leikinn eru Haukastúlkur í 4. sæti deildarinnar með 12 stig og Framstúlkur eru sæti ofar með 13 stig. Það má því með sanni segja að hörkuslagur sé fram undan þar sem bæði lið vilja ná í tvö stig. Það er því um að gera að fjölmenna í Schenkerhöllina á þriðjudaginn.

### Sýningar

**Hvað?** Barnasaga/Saga af rót (endurlit)
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Listasalur Mosfellsbæjar
Listasalur Mosfellsbæjar minnir á áhugaverða sýningu Bjargar Örvar, Barnasaga/Saga af rót (endurlit). Á sýningunni eru níu nýleg verk eftir listakonuna, sem einkennast af björtum litum, kunnuglegum en þó abstrakt formum og heillandi blæbrigðum. Um verk Bjargar Örvar hefur listfræðingurinn Aðalsteinn Ingólfsson skrifað: „Þegar upp er staðið líkjast sköpunarverk hennar engu sem við þekkjum; eru marktækur viðauki við heimsmynd okkar fremur en einhvers konar tilbrigði um hana.“ Sýningunni lýkur laugardaginn 12. janúar 2019 og aðgangur er ókeypis. Opið er kl. 12-18 á virkum dögum og kl. 12-16 á laugardögum.

**Hvað?** Erró: Svart og hvítt
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Á þessari sýningu getur að líta um þrjátíu ný og nýleg svarthvít málverk eftir Erró. Verkin, sem flest koma beint frá vinnustofu hans í París, vitna enn og aftur um sköpunarkraft og uppfinningasemi listamannsins. Í þessum verkum blandar hann leikandi saman sögulegum persónum og manga- og teiknimyndasögufigúrum. Myndefnið er fjölbreytt og óhætt að segja að flestum hugarefnum listamannsins séu gerð skil en Erró er þekktur fyrir að láta sér fátt óviðkomandi. Erró hefur unnið áhrifamikil málverk þar sem hann sækir innblástur í heim myndasagna og listasöguna. Þetta eru verk ólgandi af kaldhæðni og kímni gagnvart samfélagsmálum og mannlegu eðli.

**Hvað?** D35 Leifur Ýmir Eyjólfsson: Handrit
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Sýning Leifs Ýmis í D-sal byggist á safni orða, texta og setningarbrota sem hann hefur haldið til haga og byggt upp síðustu ár. Hann hefur sérstakt dálæti á því sem kemur dags daglega fyrir í samskiptum á milli fólks eða því sem maður hugsar með sjálfum sér án þess að því fylgi sérstök merking. Þetta er tungutak millibilsástands, íhugunar eða hrein uppfylling í þagnir. Leifur Ýmir setur fram handrit sitt handskrifað og innbrennt í fjölmargar leirplötur sem stillt er upp um alla sýningarveggi.

**Hvað?** Véfréttir – Karl Einarsson Dunganon
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Listasafn Íslands efnir til sýningar á úrvali verka Karls Einarssonar Dunganons sem er ætlað að varpa ljósi á líf og list þessa einstaka listamanns sem hafði alla tíð sterkar taugar til Íslands og arfleiddi íslensku þjóðina að verkum sínum. Varðveitir Listasafn Íslands rúmlega tvö hundruð myndverk, en ljóð hans, úrklippubækur og önnur gögn eru geymd í Þjóðskjalasafni Íslands. Karl Kerúlf Einarsson fæddist á Íslandi árið 1897 en flutti barnungur til Færeyja og síðar til Danmerkur þar sem hann bjó lengst af ævinnar og lést þar árið 1972. Hann tók sér ungur nafnið Dunganon en gekk einnig undir öðrum nöfnum sem þjónuðu því hlutverki sem hann lék hverju sinni. Líklegast er hertoginn af St. Kildu þekktasti titillinn sem Karl tók sér. Þó hann kæmi aldrei til þessa skoska eyjaklasa, sló hann eign sinni á hann og lýsti sig æðsta stjórnanda, útbjó sér vegabréf, ríkisstimpil, póststimpil og útdeildi riddaraskjölum.



Sýning á verkum sérvitringsins Karls Einarssonar Dunganons er í bullandi gangi í Listasafni Íslands.



Í dag verður hægt að dansa argentínskan tangó í Iðnó. Njótum þess að dansa með hækkandi sól í yndislegu umhverfi. Allir velkomnir og ekki þarf að mæta með dansfélaga.





GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

First Reformed (ENGLISH-NO SUB) 17:40
Suspiria (ICE SUB) 18:00
Kalt stríð // Cold War (ENG SUB) 18:00
One Cut of the Dead (ENG SUB) 20:00
Roma (SPANISH W/ENG SUB) 21:00
One Cut of the Dead (ICE SUB) 22:00
First Reformed (ENGLISH-NO SUB) 22:00



# HM Í HANDBOLTA Á RÚV

10.- 27. janúar




LEIKIR ÍSLANDS Á HM

| | | |
|---|---|---|
| 11/1 | kl. 17.00 | Ísland – Króatía |
| 13/1 | kl. 18.00 | Ísland – Spánn |
| 14/1 | kl. 14.30 | Ísland – Barein |
| 16/1 | kl. 14.30 | Ísland – Japan |
| 17/1 | kl. 17.00 | Ísland – Makedónía |

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2011-2012**
**13.55 Úr Gullkistu RÚV. Andraland**
**14.25 Eldað með Ebbu**
**14.50 Basl er búskapur**
**15.20 Innlit til arkitekta**
**15.50 Ferðastiklur**
**16.35 Menningin - samantekt**
**16.55 Íslendingar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Ofurmennaáskorunin**
**18.29 Hönnunarstirnin**
**18.46 Hjá dýralækninum**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Frétta- og mannlífsþáttur þar sem ítarlega er fjallað um það sem efst er á baugi. Stærstu fréttamál dagsins eru krufin með viðmælendum um land allt. Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir.
**19.50 Menningin** Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
**20.00 Vakandi** Íslensk heimildarmynd um neyslu mannsins og hvers vegna við hendum eins miklu í ruslið og raun ber vitni. Dagskrárgerð: Rakel Garðarsdóttir og Ágústa M. Ólafsdóttir. Framleiðsla: Vesturport, Vakandi og Landvernd.
**21.00 Sætt og gott** Danskir þættir um kökubakstur og eftirréttagerð. Mette Blomsterberg útbýr kræsingar.
**21.15 Tíundi áratugurinn**
**22.00 Tíufréttir**
**Nýjustu fréttir og íþróttir kvöldsins**
**22.15 Veður**
**22.20 Kóðinn** Önnur syrpa þessara áströlsku spennuþátta um bræðurna Ned og Jesse Banks. Þeir eiga á hættu að vera framseldir til Bandaríkjanna og saksóttir vegna öryggisbrota sem þeir hafa framið, en þegar ungum dreng er rænt og hann seldur barnaníðingum á huldunetinu bjóða áströlsk stjórnvöld bræðrunum friðhelgi ef þeir aðstoða við leitina að drengnum. Aðalhlutverk: Dan Spielman, Ashley Zukerman og Adele Perovic. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.



**23.20**
**Skarpsýn skötuhjú**

**23.20 Skarpsýn skötuhjú** Breskur spennumyndaflokkur byggður á sögum Agöthu Christie. Hjónin Tommy og Tuppence elta uppi njósnara í Lundúnum á sjötta áratugnum. Það reynist hjónunum erfiðara að segja skilið við heim njósna og kalds stríðs en þau nokkurn tíma óraði fyrir. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**00.15 Kastljós**
**00.30 Menningin**
**00.40 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**09.30 The Late Late Show with James Corden**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Life in Pieces**
**14.15 Charmed**
**15.05 Ally McBeal**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**19.00 The Late Late Show with James Corden**
**19.45 Black-ish**
**20.10 Crazy Ex-Girlfriend**
**21.00 Code Black**
**21.50 The Gifted**
**22.35 The Chi**
**23.25 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**00.50 NCIS**
**01.35 NCIS Los Angeles**
**02.20 Chicago Med**
**03.10 Bull**
**03.55 Elementary**
**04.40 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tríó**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV (219 af 400) Menningarheimurinn - Jazztónlist**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.35 Góði dátinn Svejk (24 af 39)**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.30 Date Night**
**13.00 The Space Between Us**
**15.00 Paterno**
**16.45 Date Night**
**18.15 The Space Between Us**
**20.15 Paterno**
**22.00 Blade Runner 2049**
**00.40 Two Wrongs**
**02.10 Operation Avalanche**
**03.45 Blade Runner 2049**

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.20 Lína Langsokkur**
**07.45 Friends**
**08.10 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Save With Jamie**
**10.20 Suits**
**11.05 The New Girl**
**11.30 Um land allt**
**12.10 Einfalt með Evu**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Britain's Got Talent**
**13.55 Britain's Got Talent**
**15.05 Britain's Got Talent**



**17.20**
**Nágrannar**

**15.30 Abortion. Stories Women Tell**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Fréttayfirlit og veður**
**19.25 The Goldbergs**
**19.45 Lose Weight for Good**
**20.20 Hand i hand**
**21.05 The Little Drummer Girl**
**21.50 Outlander**
**22.50 The Zen Diaries of Garry Shandling**
**00.45 The Cry**
**01.40 Lovleg**
**02.05 Sally4Ever**
**02.40 Wentworth**
**03.30 The X-Files**
**04.15 NCIS**
**04.55 Black Widows**
**05.40 Black Widows**
**06.25 Friends**

## STÖÐ 3

**19.05 Insecure**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 One Born Every Minute UK**
**21.40 Spielberg**
**00.05 Westworld**
**01.35 It's Always Sunny in Philadelphia**
**02.00 Insecure**
**02.35 Two and a Half Men**
**03.00 Seinfeld**
**03.25 Friends**
**03.50 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.30 Domino's körfuboltakvöld 2018/2019**
**14.10 Ensku bikarmörkin 2019**
**14.40 Sevilla - Atletico Madrid**
**16.20 Keflavík - Njarðvík**
**18.00 Domino's körfuboltakvöld 2018/2019**
**19.40 Tottenham - Chelsea**
**21.45 Valur - ÍBV**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**14.00 NFL 2018/2019**
**16.20 Eibar - Villarreal**
**19.40 Manchester City - Burton**
**21.45 NFL 2018/2019**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# janúardagar

## 15-50% afsláttur af gæðavörum Ormsson

AEG
þvottavélar



15% afsláttur

AEG
þurrkarar

15% afsláttur

AEG
uppþvottavélar

15% afsláttur

AEG
ofnar



15% afsláttur



30% afsláttur

Tefal
*Pottar og pönnur*

AEG
kæliskápar

15% afsláttur

BRAUN hársnyrtitæki



20% afsláttur

AEG
ryksugur

20% afsláttur

brabantia
heimilislausnir



20% afsláttur

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

Netverslun
ORMSSON.IS

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN- SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ



Anne Hathaway virðist hafa ráðist á og drepið svona tuttugu snáka og hlébarða fyrir dressið sitt, sem er svolítið grimmilegt.



Heidi Klum þótti ekki fín í þessum blómakjól enda kannski svolítið sumarlegur.



Marin Hinkle föndraði sinn eigin svarta og eiturgræna kjól.

# Klúður í klæðnaði

Golden Globe-verðlaunin voru afhent á sunnudagsnótt. Stjörnurnar mættu þangað í röðum í sínum nýjustu spjörum. Flestar voru þær gífurlega snyrtilegar og flottar en aðrar þóttu það ekki. Hér verður það skoðað eilítið nánar.



Bill Hader var í jakka sem lét hann líta út fyrir að vera strengjabrúða á meðan brúðumeistarinn fer í kaffi.



Indya Moore skellti vírgirðingu utan á sig og var bara nokkuð flott.



Lucy Liu var búin að gleyma klukkan hvað hátíðin væri og mundi það svo skyndilega á meðan hún var í sturtu og greip því bara sturtuhengið með sér til að vera í.



Sænska tónskáldið Ludwig Göransson mætti með þessa hæpnu mottu.

# Háls




## GÓÐIR HÁLSAR!

Hálsmolarnir frá Nóa Síríus hafa notið stöðugra vinsælda í áraraðir, enda eftirlæti landsmanna þegar þarf að mýkja hálsinn og bæta ferskleika. Prófaðu nýja bragðtegund, **LAKKRÍS ELDPIPAR**.

NÓI SÍRÍUS











**Parið trúlofaði sig á Bahama-eyjum** Þau hafa verið par frá 2011 og búa saman í Liverpool, þar sem Gylfi spilar með Everton.

# Undirbúningur hafinn fyrir brúðkaup ársins

Alexandra Helga er stödd þessa dagana á Ítalíu að undirbúa brúðkaup sitt og knattspyrnumannsins Gylfa Þórs. Ljóst er að þetta verður stjörnum prýtt brúðkaup og hvergi verður sparað.

Alexandra Helga Ívarsdóttir, unnusta Gylfa Þórs Sigurðssonar, er stödd þessa dagana á Ítalíu að undirbúa brúðkaup sitt. Ekki þarf mikla útreikninga til að fá út að þarna verður mikill fans af heimsfrægum stjörnum.

Gylfi hefur spilað fótbolta með mörgum af stærstu stjörnum heimsins og er góður vinur til dæmis margra úr enska landsliðinu eins og Harry Kane, Jordans Pickford og fleiri. Þá er hann einnig vinamargur hér heima. Fegurðardísin Alexandra og kærustur og eiginkonur leikmanna liða þar sem Gylfi hefur spilað hafa einnig náð vel saman. Þá hefur skartgripahönnun hennar slegið í gegn og draumurinn um matreiðsluþátt lifir enn. Alexandra þykir einstakur kokkur, og ausa þeir hana lofi sem hafa smakkað hennar lostæti en hún er að læra náttúrulega eldamennsku.

Parið trúlofaði sig á Bahamaeyjum nú í sumar. Eftir heimsmeistaramótið í Rússlandi hélt parið í draumafrí þar sem Gylfi bað Alexöndru. Tilkynnti parið trúlofunina á Instagram.

Tímasetningin er engin tilviljun því ekkert stórmót fer fram í sumar og því verða flest allir lausir til að fjölmenna prúðbúnir til Ítalíu. Alexandra hefur birt myndir af undirbúningi sínum á Instagram en kunnugir segja að hún sé stödd við Como-vatnið þar sem hún er að skoða staði þar sem hún mun ganga að eiga sinn heittelskaða.



**Amal og George Clooney giftu sig í Feneyjum á Ítalíu.**

**Chrissy Teigen og John Legend.**

**Tom Cruise og Katie Holmes settu upp hringana á Ítalíu.**

**Neil Patrick Harris og David Burtka.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# NÝTT

## ALLA ÞRIÐJUDAGA

# FLOTT&GOTT

"it's finger lickin' good"

GRÍPTU MEÐ ÞÉR = POKA AF GLEÐI =




MÁLTÍÐ = 4 = FYRIR



**3.490 kr.**

4 Original kjúklingaborgarar og 2 lítrar gos

KFC

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja








Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177



**BAKÞANKAR**
Hauks Arnar Birgissonar




## Áramóta-hate

Börnin mín tvö, sex og átta ára, rífast stöðugt. Og þá meina ég stöðugt! Og þau rífast um ekki neitt. Yfirleitt um það hver sagði hvað og við hvern það var sagt. Þegar ég spyr þau hvers vegna þau séu að rífast um svona ómerkilega hluti eða hvort þetta fráleita rifrildi þeirra muni koma til með að bæta líðan þeirra, þá er gjarnan fátt um svör. „Hann byrjaði“ eða „mér er alveg sama“ eru vinsæl svör á heimilinu. Það er kannski skiljanlegt, enda eru þau bara börn. „Ef þið hafið ekkert gott að segja um hvort annað, þá skuluð þið bara sleppa því að tala,“ segi ég við þau. Þau skilja það, að minnsta kosti næstu 10 mínúturnar.

Þessi forna viska virðist hafa fallið í gleymsku, ekki síst með tilkomu samfélagsmiðlanna. Móðgunargleðin, hneykslunarfíknin, opinbera smánunin og pólitíska rétthugsunin eru smátt og smátt að kæfa málefnalega og nauðsynlega umræðu. Fólk þorir ekki lengur að tjá sig af ótta við að verða fyrir reiðibylgju samfélagsmiðlanna, þar sem háværir hópar láta sverfa til stáls. Þótt hver og einn hópur sé gjarnan fámennur, þá eru hóparnir svo ótal margir og stutt er í að sá næsti móðgist og kveiki í sinni eigin galdrabrennu. Þannig gengur þetta koll af kolli og tilviljun ein virðist ráða því hver verður næst settur á bálið.

Nokkrir þingmenn sögðu ljóta hluti um annað fólk fyrir ekki svo löngu. Bálstjórarnir í kommentakerfunum notuðu enn þá ljótari orð til að lýsa reiði sinni á strigakjöftunum, án þess að átta sig á tvískinnungnum. Þetta virðist vera orðin meginreglan. Á nýju ári væri gott ef við reyndum öll að temja okkur betri siði.








